














# Garðar – lifandi minjar

## Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða

Greinargerð með niðurstöðum Garðsöguhóps Félags íslenskra landslagsarkitekta - maí 2019

## LJÓSMYNDIR Á KÁPU

Stjórnarráð eftirmynd af vatnslitamynd (Molke)frá 1820
Minjasafnsgarðurinn Akureyri, 1900 Minjasafnið á Ak.
Hruni, L.R. Merkt TEA 1.
Fjölnisvegur Reykjavík 1930 L.R. ljósm. J.J.Dalman
Suðurgata 12 L.R. ljósm. M.Ó
Austurvöllur Ísafirði ljósm. EES.

# Efnisyfirlit


**FORMÁLI** 5

**INNGANGUR** 7

**SAMANTEKT** 9

**1.KAFLI** - AÐ VERNDA GAMLA GARÐA, LIFANDI MINJAR OG FASTAN BÚNAÐ 13

**2.KAFLI** - NÚVERANDI LAGARAMMI UM FRIÐUN (LIFANDI) MINJA 23

**3.KAFLI** - MENNINGARSÖGULEGIR GARÐAR Í NÁGRANNALÖNDUM 29

**4.KAFLI** - STÖK TRÉ OG TRJÁÞYRPINGAR -LÖGGJÖF TIL VERNDAR 37

**5.KAFLI** - HVAÐ Á AÐ VERNDA? 45

**6.KAFLI** - GREINING OG SKRÁNING GAMALLA GARÐA 53

**7.KAFLI** - TILLÖGUR AÐ FRIÐLÝSINGU TÍU MERKRA ÍSLENSKRA GARÐA 61

**8.KAFLI** - YFIRLIT UM GAMLA GARÐA Á ÍSLANDI 2019 69

**9.KAFLI** - MÁLSTOFA Í NORRÆNA HÚSINU 26. APRÍL 2018 75

**LOKAORÐ** 83

# Formáli

**Markmiðið er að vekja athygli á menningarsögu lifandi minja og umgjörð þeirra og svara spurningunni: *Hvað eru lifandi minjar og hvernig ber að standa að verndun þeirra og umhirðu?***

„Íslensk garðsaga hefur margþætta sérstöðu í samanburði við þróunina í öðrum norðlægum Evrópulöndum. Grunnþættir þessarar sérstöðu varða manngert umhverfi við erfiðar náttúrulegar aðstæður, norðlæga legu landsins og rysjótt veðurfar.

„Hvorki byggingarlist né garðgerðarlist á Íslandi skartar glæsilegum verkum ámóta þeim sem sjá má í grannlöndunum. Hér skortir þó ekki einstakar perlur, sem oftar en ekki taka ljóma sinn af hinum sérstæðu og erfiðu aðstæðum.“[1]

Með hugtakinu *garður* er hér átt við svæði sem myndar afmarkaða heild, mótað eða hannað í landið með búnaði og lífrænum efnivið. Sú afmörkun felst í hlöðnum görðum, veggjum, tröppum, girðingum, gróðri eða öðrum búnaði. Garðar eru bæði menningarsögulegrar og ræktunarsögulegrar gerðar.

Það er mikilvægt að lifandi minjar njóti tilhlýðilegrar verndar og umhirðu.

Félags íslenskra landslagsarkitekta FÍLA hefur um árabil staðið að upplýsinga-öflun um sögu og verndun garða og opinna svæða á Íslandi. Í garðsöguhópi FÍLA hafa lengstum starfað Arnar Birgir Ólafsson, Auður Sveinsdóttir, Ásta Camilla Gylfadóttir, Einar E. Sæmundsen, Samson B. Harðarson og Þórhildur Þórhallsdóttir.

Árið 2016 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði. Verkefninu var lýst svo í styrkumsókninni:[2]
*„Markmið verkefnisins er að móta áætlun um varðveislu og umhirðu nokkurra sögulegra garða og mynda þannig grundvöll að stefnumótun sem nýta má síðar við mat og áætlun um varðveislu garða. Hluti af þessu er að kanna hvernig staðið hefur verið að mati og varðveislu garða í nágrannalöndum okkar og nýta það í stefnumótun sem hentar íslenskum aðstæðum.“*

Styrkveitingin gerði okkur kleyft að taka saman þessa greinargerð og standa að auki að málþinginu ; *Garðar – Lifandi minjar* hinn 26. apríl 2018.

## HEIMILDIR


1. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð
– Íslensk garðsaga – landslagsarkitektúr til gagns og prýði EES 2018.
2. Umsókn Garðsöguhóps FÍLA í Fornleifasjóð 2015



Lokafrágangur greinargerðar var í höndum þeirra Auðar Sveinsdóttur, Ástu Camillu Gylfadóttur og Einars E. Sæmundsen. Uppsetning var í höndum Jóhanns Sindra Péturssonar.

# Inngangur

**Garðar – lifandi minjar. Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða** er umfjöllunarefni þessarar greinargerðar. Hér er að finna safn heimilda, staðreynda og reynsluþátta en ekki síður margvíslegar tillögur og tilmæli þar sem, reynt er að ná heildarsýn yfir það viðfangsefni að vernda gamla garða á Íslandi.

Stiklað er á stóru í garðsögunni og byggir á fyrri skýrslu garðsöguhóps FÍLA *Verndargildi nokkurra íslenskra garða* frá í desember 2014.[1] Heimildir eru til um flesta garða sem gerðir voru á tímabilinu 1820–1990.[2,3] Erfitt er þó að tímasetja marga þeirra nákvæmlega.
Margir garðanna eru enn í blómlegum vexti og upphaf annarra má rekja langt aftur í aldir, svo sem Víkurgarðs í Reykjavík og garðsins í Skriðu í Hörgárdal. Þrátt fyrir óræðan aldur eru garðarnir fulltrúar ákveðinna hugsjóna og tímabila í menningarsögu þjóðarinnar og því mikilvægt að þessum menningararfi verði *skilað óspilltum til komandi kynslóða*, líkt og segir í upphafi menningarminjalaganna (80/2012).[4]

Hér er fjallað um það lagaumhverfi sem í gildi er og raktar skilgreiningar á ólíkum gerðum verndunar garða. Ennfremur voru önnur lög skoðuð, svo sem náttúruverndarlög, lög um skógrækt, lög um verndarsvæði í byggð og skipulagslög.[5] Niðurstaðan er sú að lög um menningarminjar eru þau sem komast næst því að ná utan um verndun garða, en nýju lögin um verndarsvæði í byggð eru góð viðbót og styrkja úrvinnslu mála. Hverfisvernd í skipulagslögunum hefur einnig reynst gott verndartæki.

Leitað var upplýsinga hjá nágrannaþjóðum okkar bæði úr ritheimildum og á fundum, hvernig þessu væri þar háttað varðandi lög, reglur og stjórnsýslu.

Ennfremur veitti skýrsla frá Minjastofnuninni (Riksantikvaren) í Noregi, *Forvaltning af historiske hager og parker i Norge*, 2008,[5] hjálp til þess að halda yfirsýn á verkefnið. Sú skýrsla er niðurstaða margra ára starfs vinnuhóps á vegum stofnunarinnar.

Studst var við rit Minjastofnunar Íslands *„Leiðbeiningar um verndarsvæði í byggð"*[6] auk ýmissa sértækra leiðbeininga, svo sem um húshluta.

Í september 2016 hittu fulltrúar hópsins Liv Oustrup hjá Slots- og Kulturstyrelsen, danskri systurstofnun Minjastofnunar. [7]

Í janúar 2017 átti einn úr hópnum fund á skrifstofu Landsforeningen for bygnings- og landskabskultur (LBL) í Kaupmannahöfn og ræddi við Kirsten Lund Andersen landslagsarkitekt og Nanna Uhrbrant arkitekt,[8] og ritara Havehistorisk selskab, Lisbeth Brorsen arkitekt.[9]

Í samstarfi við Minjastofnun hélt Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) málstofu í Norræna húsinu 26. apríl 2018 með yfirskriftinni *Garðar – lifandi minjar*. Aðalerindi flutti Mette Eggen landslagsarkitekt og fyrrverandi starfsmaður norsku minjastofnunarinnar. Hún varpaði fram spurningunum:

- *Af hverju – ( er verndað, friðað)*
- *Hvað – (á að vernda)*
- *Hvernig- ( hverjir og hvernig)*

Hún undirstrikaði jafnframt mikilvægi Flórens samþykktarinnar (e. Florence Charter) sem fjallar um verndun og varðveislu garða og liggur til grundvallar öllu faglegu starfi á því sviði.

Þátttaka í málstofunni var mjög góð og komu fram ýmsar góðar ábendingar og upp-lýsingar sem nýtast við áframhaldandi vinnu og gerð eru skil aftar í þessari greinargerð.

Ennfremur fjallaði Sara Waagen um stóra bæjargarðinn í Björgvin (Nygårdsparken frá 1893). Innlendir fyrirlesarar fjölluðu um íslenskar aðstæður, sóknarfæri og veikleika.

Við þessa vinnu um verndun garða og lifandi minja, kemur skýrt fram mikilvægi þess að efla og styrkja kunnáttu og fræðslu um gamla garða er varðar menningarsöguna, umhirðu og meðferð gróðurs.

Aftast í greinargerðinni má finna margvíslegt ítarefni t.d. frekari fróðleik og reynslusögur frá nágrannalöndum okkar ásamt lista yfir helstu garða landsins í réttri tímaröð.

Það er ósk faghópsins að greinargerðin nýtist þeim sem vinna við skipulag, umhirðu og viðhald grænna svæða, hvort sem um er að ræða opinbert eignarhald eða einkaeign. Þetta á við svæði sem hafa náð 100 ára aldri og ekki síður hinna sem nálgast þann aldur á næstu árum með mikilvægt menningar- og ræktunarsögulegt gildi.



Í garði frú Önnu Schiöth á Akureyri.
Mynd tekin árið 1878.

*Ljósmynd úr myndasafni M.Ak (H. Schiöth)*

## HEIMILDIR


1. Tillögur að verndargildi nokkurra íslenskra garða - Garðsöguhópur FÍLA des. 2014
2. Almenningsgarðar á Íslandi MA-ritgerð til prófs 2012 Bragi Bergsson Ás í sagnfræði
3. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð
– Íslensk garðsaga - landslagsarkitektúr til gagns og prýði EES 2018.
4. Lög um menningarminjar nr. 80/2012
5. Forvaltning af historiske hager og parker i Norge 2008 - Riksantikvariet í Noregi
6. Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Minjastofnun
7. Íslands (Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3), Reykjavík 2017
8. Ásskýrsla Garðsöguhóps FÍLA 2016.
9. Minnispunktar EES eftir fund 9. feb.2017.
10. Conservation of historic gardens – why, what and how? Mette Eggen landslagsarkitekt.

# Samantekt

## STUTT SAMANTEKT Á EFNI GREINAGERÐAR

### 1.KAFLI - AÐ VERNDRA GAMLA GARÐA, LIFANDI MINJAR OG FASTAN BÚNAÐ

Fjallað er um ,,hvað er garður, hvað eru lifandi minjar og hvað er fastur búnaður í görðum".
Hvað mótar garðinn? Hönnun garða og mótun lands er samspil menningar og náttúru. Aðstæður á Íslandi eru um margt öðruvísi en hjá nágrannaþjóðum okkar engu að síður eru erlend áhrif greinileg.
Hver er aldur garða? Við hvað er miðað? Garðar lúta ekki sömu reglum og byggingar hvað byggingaeftirlit varðar. Mótun lands og garðs er langt ferli- gróðurinn er síbreytilegur efniviður og á sinn afmarkaða líftíma.
Farið er yfir tímabil garðsögunnar allt frá 19. öld og til ársins 2000 og helstu einkenni hvers tíma reifuð.

### 2.KAFLI - NÚVERANDI LAGARAMMI UM FRIÐUN (LIFANDI) MINJA

Staðfest er að við búum við lagaramma sem með breytingum gerir okkur kleyft að framfylgja friðlýsingu garða. Margir okkar elstu garða eru er komnir yfir 100 ára aldur og njóta því sjálfkrafa aldursfriðunar. Að auki koma yngri garðar til greina sem varðveisluhæfir sökum gerðar og sögu.
Fjallað er um þann lagaramma sem nú er í gildi og gæti nýst til verndunar og varðveislu. Ennfremur er bent á hvað betur má fara.

**Þau lög sem helst geta nýst við verndun garða með breytingum, eru:**
*Lög um menningarminjar nr. 80/2012[1] geta nýst til varðveislu garða að ákveðnu marki.
*Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, og reglugerð með þeim nr. 575/2016[2] með þeim má ætla að ramminn um verndarstarfið hafi styrkst verulega. Lögin tengjast skipulagsmálum í sveitarstjórnum.

### 3. KAFLI - MENNINGASÖGULEGIR GARÐAR Í NÁGRANNA-LÖNDUM

STJÓRNSÝSLA-VERNDUN- FRIÐLÝSING- UMHIRÐA -ENDURGERÐ

Leitað var í smiðju nágrannaþjóða okkar og **fræðst um** hvernig staðið er að friðlýsingu, verndun, viðhaldi/umhirðu og endurgerð menningarsögulegra garða og dregnar saman þær áherslur sem einkum verður vart í lögum og stjórnkerfi þeirra.

Verndun, friðun og friðlýsing menningarsögulegra garða er með svipuðum hætti hjá þeim. Almennt er stoð í minjalögum en því til viðbótar eru ákvæði í skipulagslögum sem einnig nýtast til varðveislu garða.
Aldurstengd friðun er fyrir hendi þar sem almennt er miðað við 100 ára aldur, nema í Danmörku þar sem hægt er að miða við 50 ára aldursmörk. Einnig er farvegur til friðlýsingar yngri garða/svæða.
Í áðurnefndum löndum er almennt lögð áhersla á gerð umhirðu- og verndaráætlana auk fræðslu og þekkingar.

Sameiginlegt leiðarljós nágrannaþjóðanna við að móta lög, reglur og aðferðafræði við verndun og viðhald lifandi minja er Flórens samþykktin ICOMOS-IFLA 1981 - The Florence Charter og er fjallað lítillega um hann í þessum kafla.

## 4.KAFLI - STÖK TRÉ OG TRJÁÞYRPINGAR - LÖGGJÖF TIL VERNDAR

Stakstætt tré getur verið menningarsögulegur vitnisburður um horfinn garð og brotin mannvirki undir gróðurhulu. Sem slíkt getur það staðið sem fulltrúi hugsjóna og gilda ákveðins tímabils í menningarsögu og ræktunarsögu landsins og verið þess virði að vernda.
Í núgildandi lögum virðist ekki vera stoð til að friðlýsa , verndar né hirða um stök tré eða trjáþyrpingar. Litið var til menningaminjalaga, laga um náttúruvernd, skipulagslaga og frumvarps (2019) til laga um skóga og skógrækt.
Eftir ítarlega skoðun er lagt til til að bætt verði í minjaverndarlög grein sem tæki til trjáverndar af menningar- og ræktunarsögulegum ástæðum.

## 5.KAFLI - HVAÐ Á AÐ VERNDA
NOKKRAR STAÐREYNDIR UM FASTAN BÚNAÐ OG GRÓÐUR

Lögð er áhersla á að endurgerð og umhirða sé gerð af þekkingu og reynslu á sviði garðyrkju og að endurplöntun gróðurs, fastur búnaður, hleðslur og stéttar sé í samræmi við rétt tímabil garðsins.
Við skráningu og mat á görðum er því mikilvægt að þekkja innviði og eindir svæðisins sem um ræðir
Fjallað er um gróður ( tré, runna og fjölærar plöntur) sem er og hefur verið einkennandi fyrir þá gömlu garða og svæði og sem telja má varðveisluhæft. Þar kemur fram aldur gróðurs, vaxtarlag og mikilvægi.
Ennfremur er fjallað um fastan búnað svo sem girðingar, hleðslur, stéttar, garðhúsgögn o.fl. sem einkennandi er fyrir viðkomandi tímabil garðsögunnar.

## 6.KAFLI - GREINING , SKRÁNING OG VERNDARMAT GAMALLA GARÐA.

Friðun / verndun garða þarf að byggja á samræmdri og viðurkenndri aðferðafræði við skráningu þeirra á svipaðan hátt og við framkvæmd húsakönnunar, auk þeirra þátta er taka á lifandi minjum garðsins.
Huga þarf að samræmdu flokkunarkerfi.
Það skortir á að umhverfi húss eigi sinn stað í heildarmati viðkomandi húss í húsakönnunum. Til þess að auka vægi mats á stöðu garða í vinnuferli vegna friðlýsingar telur hópurinn nauðsynlegt að gera skráningarblað fyrir garðinn/ umhverfið til samræmis við húsaskráningarblöð.
Gerð er tillaga að skráningarblaði til hjálpar við skráningu og mat á ástandi garða. Auk þess er sýnt dæmi (Alþingisgarðurinn) um notkun á skráningarblaði

## 7.KAFLI - TILLÖGUR AÐ FRIÐLÝSINGU TÍU MERKRA ÍSLENSKRA GARÐA

Lagt er til að 10 garðar verði friðlýstir.
Rökstuðningur með friðlýsingartillögum er byggður á greinargerð Garðsöguhóps FÍLA frá desember 2014.
Lokadrög eru unnin í samvinnu við Pétur H. Ármannsson á Minjastofnun sem voru kynnt á málstofunni í Norræna húsinu 26. apríl 2018. Einnig er fjallað um tvo garða sem nýlega voru friðlýstir, garðinn í Múlakoti og Frúargarðinn á Hvanneyri.

## 8.KAFLI - YFIRLIT UM AÐRA GAMLA GARÐA Á ÍSLANDI

Í þessum kafla er gerð tilraun til þess að taka saman yfirlit um aðra gamla garða en þá sem gerð er tillaga um að friðlýsa. Reynt er að byggja samantekt þessa á traustum heimildum, auk nokkurri staðþekkingu, án þess að farið hafi verið í nánari rannsóknarvinnu.
Farið er yfir helstu heimildir um garða og gerð grein fyrir aldri og staðsetningu þeirra. Ítarleg kort og heimildaskráning fylgja

## 9.KAFLI - MÁLSTOFA Í NORRÆNA HÚSINU 26. APRÍL 2018

Innan Félags íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) hefur síðustu 20 árin verið starfandi faghópur um sögu garðlistar á Íslandi. Með styrk frá Fornleifasjóði hefur meðal annars verið unnið að þessari greinargerð ásamt því að standa að málstofunni Garðar-Lifandi Minjar í samstarfi við Minjastofnun.
Tilgangur málstofunnar var að kalla saman fleiri áhugasama til að koma að verkefninu.
Þar töluðu fulltrúar garðsöguhóps FÍLA, sérfræðingur Minjastofnunar, tveir norskir fyrirlesarar og fimm eigendur og umsjónarmenn gamalla íslenskra garða.
Fyrirlestrar, umræður og niðurstöður málstofunnar eru mikilvægur þáttur í gerð þessarar greinargerðar.

## 10. KAFLI - LOKAORÐ

Íslenskir garðar skipta máli í byggðarlagi sínu, fyrir alla landsmenn og sumir á heimsvísu. Þeir segja mikilvæga og mikla sögu og gegna merkilegu hlutverki fyrir samfélagið. Dvalarstaðir, heilsustaðir, gróðurvinjar og ferðamannastaðir.

Fyrir hönd félags íslenskra landslagsarkitekta ( FÍLA) hvetur garðsöguhópurinn til að greinargerð þessi megi vera leiðarljós og verkfæri í þá vinnu að veita íslenskri garðsögu athygli og virðingu sem hluti af menningarsögulegum arfi íslensku þjóðarinnar.

## VIÐAUKAR

**ERINDI METTE EGGEN - FRÁ MÁLSTOFU APRÍL 2018**
**ERINDI SÖRU WAAG - FRÁ MÁLSTOFU APRÍL 2018**
**KYNNING SEM KARL GUÐJÓNSSON TÓK SAMAN VEGNA ENDURBÓTA ALÞINGIS-GARÐSINS.**

## HEIMILDIR

1. Lög um menningarminjar nr. 80 / 120
2. Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87 / 2015

# AÐ VERNDA GAMLA GARÐA, LIFANDI MINJAR OG FASTAN BÚNAÐ

## SKILGREINING

Garðar hafa þá sérstöðu sem menningarminjar að þeir eru annars vegar manngerður staður og hins vegar ræktuð náttúra. Sem lífríki skilja þeir sig skýrt frá öðrum menningar- minjum vegna þess að þeir eru í stöðugri þróun og vexti stjórnað af náttúruöflunum.

Upprunalegt hlutverk garðsins breytist oft með tímanum. Einkagarður verður almenningsgarður. Kirkjugarður fyllist og hefur þá sögulegt gildi auk gildis síns sem almenningsgarður. Eignarhald og rekstrarform garða breytist og um leið og skipulagi er breytt getur hlutverk garðsins hnikast til. Hér er lögð áhersla á almenningsgarða. Gamlir almenningsgarðar, sem eru sameign almennings, eins og heitið ber með sér, eiga erindi við komandi kynslóðir.

Mótun/hönnun garðs er mikilvægt atriði við mat á verndargildi hans og jafnframt vitnisburður um menningu og ræktunarsögu hvers tíma.




Skrúður í Dýrafirði
Teikning úr dagbók Sigtryggs á Núpi 1909 en hann teiknaði garðinn upp í dagbók sína og síðan voru hlutateikningar settar saman.

## LIFANDI MINJAR

Lifandi minjar eru líffræðilegar eindir garðsins, tré, runnar og fjölæringar o.fl., sem hafa verið notaðar á menningarsögulegan hátt og hafa verndargildi – ásamt stað/garði og jarðvegi, lífmassa sem er nauðsynlegur til að tryggja viðgang minjanna.[1] Breytingar eru eðlilegur hluti lifandi efniviðar. Árstíðum fylgir mismunandi ásýnd og með árunum stækkar gróðurinn og vex þar til hann lætur undan sökum áfalla eða aldurs, en endurnýjast svo aftur af sjálfsdáðum eða með aðstoð manna. Til þess að gróður dafni á bestan hátt þarf hann umhirðu, næringu, raka, klippingar og almennt viðhald.

Táknræn mynd af tré, rót, stofn og króna sem ein heild. Útlit er breytilegt eftir tegundum og vaxtarskilyrðum. Rótin hefur það hlutverk að færa næringu úr jarðveginum upp í stofn og krónu og að vera festing við jörðina Algengt er að rætur liggi grunnt undir yfirborði jarðar (ösp og greni), en ná oft langt út samsvarandi breidd krónu.



***Hönnun garða og mótun lands er samspil menningar og náttúru. Garðar eru menningarsögulegar minjar þar sem tré eru jafnvel mest áberandi og hafa mikil sjónræn áhrif. Annar gróður eins og fjölæringar og runnagróður láta minna yfir sér sjónrænt, en er mikilvægur við mat á aldri garða og við það að setja saman sögulega rétt umhverfi.***

Umhirða gegnum tíðina s.s. mótun gróðurs með klippingu eða annarri ræktunartækni, krefst sérþekkingar og reynslu ekki síst í upphafi. Trjágróður er sá hluti umhverfisins / garðsins sem tekur mestum breytingum og er því áberandi hluti af sögu þeirra. Aldur, þroski og sjónrænt gildi vex með tímanum meðan mannvirki garðsins ganga úr sér með aldrinum og þurfa aukið viðhald eða endurnýjun
Við nauðsynlegt viðhald og jafnvel endurbyggingu mannvirkja m.a. vegna aðgengis þarf að taka tilliti til verndargildis gróðurs.

Auk menningarsögulegs gildis býr trjágróður ekki síst í þéttbýli yfir margvíslegu hagrænu gildi m.a. sem þáttur í lýðheilsu íbúa. Trjágróður dregur úr mengun, hávaða og virkar sem endurnæring líkama og sálar. Tré taka upp ákveðin mengunarefni, ekki síst koltvísýringinn, og skila til baka súrefni.
Það er ljóst að ekki er hægt að nota sömu aðferðir við mannvirki eða gróið umhverfi þegar ákveða skal hvað beri að vernda og þá með hvaða hætti. Í fljótu bragði virðist e.t.v. einfaldara að eiga við mannvirkin heldur en þann lifandi efnivið sem gróðurinn er.

Það er þó ekki svo heldur þarf faglegrar kunnáttu á öðrum sviðum. Vandasamara getur verið að finna þann punkt í þroskasögu garðsins sem æskilegast er að fanga og vernda. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um hús sem búið er að stækka og byggja við í gegnum tíðina.

Þekking á framvindu garðagróðurs á Íslandi er í stanslausri skoðun því trjáa- og runnarækt er ung hérlendis. Sennilega eru elstu heimildir um tilraunir til trjáræktar frá tíma Skúla fógeta í Viðey fyrir rúmum 240 árum.[2] Nútímasaga trjáræktar spannar síðustu 120 ár á Íslandi.[3] Við vitum hve langlífar trjátegundir sem upprunnar eru í íslenskri náttúru verða. Hversu stór eða langlíf tré af erlendum uppruna verða hérlendis liggur ekki fyrir, eins og t.d. ösp, silfurreynir, álmur, garðahlynur og ýmis barrtré.

## HÖNNUN GARÐA OG MÓTUN LANDS

Eldri almenningsgarðar á Íslandi hafa flestir mótast af aðstæðum eins og skjóli og ræktunarskilyrðum.

Heimilisgarðar mótast af staðsetningu byggingar og skjóli sem skapast af veggjum húss og höfuðáttum. Sólarhlið hússins var oft vel nýtt bæði til dvalar en ekki síður til þess að hefja tilraunir til ræktunar. Mörg dæmi sjást í dag af stórum trjám sem hafa vaxið og dafnað í skjóli húss og eru löngu vaxin yfir hæð þess.

Moritz Halldórsson-Friðriksson læknir í Kaupmannahöfn þýddi, staðfærði og gaf út árið 1883 bókina Íslenzk garðyrkjubók. Þetta er fyrsta leiðsögn með teikningum af görðum sem kom út á íslensku.

Teikning af Alþingisgarðinum sem Tryggvi Gunnarssonar gerði er frá 1893 og allur undirbúningur að gerð garðsins markar ákveðin tímamót í garðsögunni. Áður en ráðist var í framkvæmd við garðinn fór fram mjög upplýsandi umræða um garðagerð á Alþingi. Teikningin var örugglega gerð áður en hafist var handa því í plöntulista teikningarinnar er fremur lýsing á væntingum hans til plöntuvals en ekki það sem varð strax frá því að garðurinn var til.

Ýmsir almenningsgarðar frá snemma á 20.öldinni voru í upphafi teiknaðir, svo sem Skrúður, Hljómskálagarðurinn og garðurinn við Kristneshælið. Þegar líður á öldina þá koma til sérmenntaðir garðhönnuðir og síðar landslagsarkitektar.
Ólíkt húsbyggingum er ekki í byggingarreglugerð krafa um að leggja fyrir byggingareftirlit séruppdrætti af lóðum t.d. með teikningu. Sum sveitafélög eru þó farin að gera kröfu um séruppdrætti lóða fjölbýlishúsa til byggingarfulltrúa.
Þetta leiðir til þess að heimildir um hönnun og gerð garða eru takmarkaðar og á ekki síst við um heimilisgarða og garða við stofnanir.

## VIÐ HVAÐ Á AÐ MIÐA - ALDUR?

Samræmis þarf að gæta þegar aldur garða er til umfjöllunar. Þegar saga garða er skoðuð er misjafnt við hvað er miðað. Garðar fara sjaldnast fyrir byggingaeftirlit sveitarfélaga og því getur upphaf að gerð garða verið óljós. Í sagnfræðiritgerð Braga Bergssonar má oft lesa langa frásögn um aðdraganda og undirbúning við að móta hugmyndir og vinna frumdrög löngu áður en framkvæmdir hefjast og garðurinn og verður til.

Rétt er að telja aldur garðs eða græns svæðis þegar framkvæmdum er lokið. Margir garðar hafa líka verið mörg ár í framkvæmd. Ef vígsludagur liggur fyrir þá að miða við hann. Ekki miða aldur við upphaf undirbúningstímann.

## AÐSTÆÐUR Á ÍSLANDI- NÁTTÚRA Í GARÐI—HVERNIG Á AÐ VERNDA GRÓÐUR OG ENDURGERA.

Mikilvægt er að þegar gróður er skoðaður á staðnum að skilja á milli þess sem var gróðursett á fyrstu árum svæðisins og þess sem var gróðursett síðar meir. Þar sem plöntur eru að nálgast ellimörkin er mikilvægt að hugsað sé fyrir því að að skipta þeim út fyrir yngri. Við endurnýjun gróðurs í görðum er nauðsynlegt að velja tegundir sem eru sögulega réttar, t.d. að setja ekki inn alaskaösp í garð sem var gerður um 1894 þar sem öspin barst ekki til landsins fyrr en eftir ca. 1940–43. Þetta á við um allar tegundir, tré, runna og fjölæringa.

Eins og áður hefur komið fram er gróður lifandi efniviður, síbreytilegur í tímans rás og á sinn takmarkaða líftíma, sennilega eru fáar tegundir sem ná 100–150 ára aldri hérlendis.
Elsti trjágarður á Íslandi er að Skriðu í Hörgárdal. Þar er að finna leifar reyniviðar

Umgengni og endurbygging mannvirkja þarf að meta með tilliti til verndargildis gróðurs. Jarðvegi með lífmassa sem er nauðsynlegur til að tryggja viðgang minjanna. Mynd frá Selfossi þar sem reynt er að taka tillit til og vernda gamlan trjágróður í nýjum byggingarumhverfi.

*Ljósmynd. Magnús Hlynur*



trjágarðs sem upphaflega var gróðursettur milli 1820–30 sem er elstu heimildir um trjárækt sem enn þá sést mörgum kynslóðum síðar. Lifandi minjar þessa brautryðjendastarfs sem bændurnir á Skriðu hófu með gróðursetningu reyniviðar, ættuðum frá Möðrufelli innst í Eyjarfjarðardölum.[4] Undir lok 19. aldarinnar óx trjárækt með vaxandi þéttbýlismyndun bæði á Akureyri og í Reykjavík.[5] Þennan tíma má með réttu kalla tilraunatíma – margt var reynt og margar tilraunir mistókust.
Í seinni tíð má segja að árangur sé að koma í ljós, jafnt í görðum einstaklinga, á útivistarsvæðum og í landgræðslu og skógrækt

Í upphafi áttu einstaklingar, oft íbúar af erlendum uppruna, og stöku garðyrkjumenn mestan þátt í því að flytja inn gróður til einkanota. Starfsemi Skógræktar ríkisins átti síðan verulegan þátt í innflutningi trjáa og runnagróðurs fyrir garða fram yfir miðja 20. öld.[6]

## HVAR ERU GAMLIR GARÐAR?

Í 7. kafla eru taldir upp garðar sem koma til athugunar til friðlýsingar aðrir en þeir sem gerð er tillaga um í þessari greinargerð að verði friðlýstir strax.
Á hvað þarf að líta þegar lagt er mat á verndargildi eldri garða?
Garðar og/eða gróðurleifar frá 19.öld leynast víða. Sérstaklega á það við þegar gerð er könnun á gömlum byggingum sbr. húsakannanir byggðasafna. Víða má sjá að við gömul hús eða húsarústir standa gömul tré, eða að þar leynast gamlir kartöflugarðar og /eða matjurtagarðar.

**Í lok 19.aldar** þegar tilraunir með trjárækt hófust voru stöku tré gróðursett í matjurtagarða.



*Úr Bankastræti*
*Ljósmynd úr myndasafni LR*
*(Sigfús Eymundsson)*

**1900 - 1920** eða fyrstu áratugina eftir aldamótin vaknaði áhugi á garðrækt og garðar urðu hluti af ásýnd þéttbýlis. Frá þeim tíma eru varðveittir nokkrir merkustu almennings-garðar sem samkvæmt minjalögum eru sjálfkrafa friðaðir sbr. 100 ára reglu. Mikil uppbygging verður í Reykjavík. Garðbrot, eða hlaðnir veggir, ásamt gróðurleifum leynast víða. Þekktustu garðar frá þessum tíma eru trjágarður að Skriðu í Hörgárdal frá 1820-30, Hóla-vallagarður frá 1838, Hressógarðurinn eftir 1860 , Austurvöllur í Reykjavík frá 1875, Alþingisgarðurinn frá 1894 og garður Guðbjargar í Múlakoti í Fljóts-hlíð frá 1898. Ef betur er að gáð geta víðar leynst gamlar minjar um garða.

**1920 - 1940** telst tími umbreytinga og framfara. Verk og tækniþekking er vaxandi, byggðamynstrið riðlast og þéttbýli landsins stækka.
Mikil uppbygging er t.d. í Reykjavík. Nýbyggingar þess tíma færast yfir í Þingholtin þar sem íbúar gerðu tilraunir með garðrækt á sínum einkalóðum ( t.d. Laufásvegur o.fl.) sem fyrst var blanda af nytjarækt og skrautrækt. Verkamannabústaðirnir við Hringbraut eru tengdir stórum opnum svæðum. Á þessum tíma hefst trjárækt í Hólavallakirkjugarði fyrir alvöru.
Hellisgerði í Hafnarfirði, og fleiri almenningsgarðar sem eru drifnir áfram af áhugafólki t.d. kvenfélögum og ungmennafélögum eins og Skallagrímsgarður 1930 og Kvenfélagsgarðurinn á Neskaupsstað báðir á svipuðum tíma eftir 1930. Garðar við heilsustofnanir eins og Vífilstaðaspítala og Kristneshæli enda byggði bati eftir berkla á heilbrigðu umhverfi.

Frá þessu tíma er Landspítalinn sem var tekin í notkun 1930. Garðurinn er dæmi um mismunandi áherslur og kannski dæmi um þekkingar- og skilningsleysi við verndun hluta af menningarsögu okkar um sambýli húss og umhverfis eins og sjá má á myndum hér að aftan.



Fjölnisvegur á millistríðsárunum um 1930.

*Ljósmynd úr myndasafni LR*




Árið 1927 var lokið við og samþykkt nýtt aðalskipulags fyrir Reykjavík. Forgöngumenn aðalskipulagsins voru þeir Guðmundur Hannesson landlæknir og Guðjón Samúelsson arkitekt. Guðjón teiknaði auk þess nýbyggingu Landspítalans.
Á aðalskipulagsuppdrættinum frá 1927 má sjá að þeim var hugleikið að umhverfið yrði heilsusamlegt með gróskulegum görðum sunnan megin Landspítalans í tengingu við sjálfa bygginguna.

Garðurinn er jafn gamall og gamla bygging Landspítalans frá því fyrir 1930. Hornsteinn var lagður að spítalanum 1926 og spítalinn tekinn í notkun 1930. Á Þjóðskjalasafni í gögnum Húsameistara ríkisins frá þessum tím er að finna uppdrátt af frágangi á lóðinni við spítalann eftir Guðjón Samúelsson. Vegna mikillar uppbyggingar á lóðinni í seinni tíða var stöðugt gengið á opna svæðið, aðallega ný bílastæði.



*Landsspítalinn. Ljósmynd, Þorkell Þorkellsson*

Um áratuga skeið hefur byggingin verið umlukt myndarlegum trjágróðri sem óneitanlega hefur sett sterkan svip á umhverfi Landspítalans. Garðurinn var nærri 90 ára og hefur verið hluti ásýndar spítalans um áratuga skeið, sérstaklega trjágöngin upp að gamla aðalinngangi spítalans. Garðurinn við Landspítalann er dæmi um garð sem hefur allatíð verið í aukahlutverki fyrir umhverfi staðarins.



*Landsspítalinn. Ljósmynd, Þorkell Þorkellsson*

Undanfarin áratug hafa staðið yfir undirbúningur og síðan hafnar framkvæmdir við nýtt háskólasjúkrahús. Fyrst með samkeppni, deiliskipulagi og síðan hönnun nýs Landspítala við Hringbraut. Niðurstaða samkeppninnar og sú hönnun sem byggt er á gerði strax ráð fyrir að garðinum við gamla Landspítalann yrði ekki bjargað þannig að hann yrði að hverfa.



*Úr hönnunargögnum LSH við Hringbraut.*

Áður en framkvæmdir hófust fór fram fornleifagröftur á vegum Árbæjarsafns 2011 og kom út skýrsla á vegum Árbæjarsafns. Spurning er hvort gerð hafi verið skráning og uppmæling af garðinum áður en hann hvarf. Hvergi er að finna neitt um skráningu garðsins. Það má vera áminning um að í framtíðinni verði litið á garða, mótað umhverfi bygginga sem skráningarverðar búsetuminjar menningar- og ræktunarsöguminjar.



*Landsspítalinn. Ljósmynd, Þorkell Þorkellsson*

Landspítalinn þar sem hann stendur við Hringbraut og Háskóli Íslands voru byggingar í jaðri byggðar og reistar á þriðja- og fimmta áratug síðustu aldar.Báðar þekktar byggingar sem Guðjón Samúelsson teiknaði sem eina heild ásamt umhverfi þeirra.



*Landsspítalinn árið 1935. Ljósmynd úr myndasafni LR (Ólafur Magnússon)*




*Gamalt póstkort af Háskóla Íslands. Teikning eftir Freymóð Jóhannesson*

**1940-1950**

Stríðsárin og eftirstríðsárin var mikill framkvæmdatími á Íslandi. Landsmenn kynntust þá nýjum vinnubrögðum og vélmenningu.

Á þessum tíma eru bæirnir, sérstaklega á SV-horni landsins í örum vexti. Mikill skortur á íbúðarhúsnæði, ný hverfi sprungu út á holtunum í Reykjavík og nágranna-sveitafélögum – Laugarnes, Vogar, Bústaðhverfi og Langholt í Reykjavík og svo Kópavogur.

Árið 1940 var Háskólabyggingin nýja sem Guðjón Samúelsson teiknaði vígð. Þá lágu fyrir hugmyndir Guðjóns að Skeifunni fyrir framan aðalbygginguna. Byggingar-saga HÍ er mjög löng og var víða rætt um staðsetningu hans.

Skeifan við Háskóla Íslands má ekki verða vettvangur fyrir óhefta uppbyggingu og því er brýnt að styrkja varðveislugildi svæðisins.

**1950-1960**
Áratugurinn einkennist af áframhaldandi örum vexti og útþenslu bæjarlandsins. Fyrsti landslagsarkitektinn kemur til starfa og setur strax mark á þróun garðamenningar bæði með fræðslu og ennfremur með gerð garða. Hallargarðurinn í Reykjavík og Austurvöllur á Ísafirði báðir frá 1955. En aðalstarfsvettvangur landslagsarkitektsins eru einkagarðar sérstaklega í Reykjavík. Ægissíða, Vogar og Grensás-hverfið, jafnvel margir garðar við sömu götu. Einkagarður Jóns H.Björnssonar er frá 1959 við Skaftahlíð 3.

## HALLARGARÐURINN VIÐ FRÍKIRKJUVEG 1955

Hallargarðurinn var hannaður af Jóni H. Björnssyni og byggður 1955 sem almenningsgarður og því að verða 65 ára gamall. Garðurinn hefur farið í gegnum nokkrar endurnýjanir og breytingar á þessum tíma.
Trjágróður hefur vaxið úr sér en hluti gróðursins er í dag talin óhæfur í minni görðum eins og ösp og sitkagreni. Trjánotkun í garðinum er í samræmi við trjánotkun þess tíma sem garðurinn var gerður 1955.

Hallargarðurinn er eitt fyrsta verk sem Jón H.Björnsson landslagsarkitekt vann fyrir Reykjavíkurborg en hann lauk námi í landslagsarkitektúr frá Cornell háskólanum 1951. Hugmynd að hönnun garðsins endurspeglar hugmyndir við mótun garða í Vesturheimi. Gönguleiðir lagðar frjálst og flæðandi um garðinn á vel ígrundaðan hátt ásamt markvissri rýmismyndandi gróðurnotkun.



Tjörn með gosbrunni þótti eitt aðalaðdráttarafl garðsins í byrjun. var fjarlægð á níunda áratuginum. Styttan mun upphaflega hafa verið í garði Thor Jensen. Ekki er vitað um afdrif hennar.





*Ljósmynd (t.v.)*
*Tjörnin í Hallargarðinum. Ljósmynd úr myndasafni LR (Andrés Kristjánsson)*
*Póstkort (t.h.)*
*Gosbrunnur í Hallargarðinum*



Annað sem hefur verið endurnýjað og og breytt á tíunda áratugnum er hellulögn aðalstígs garðsins. Stígurinn um garðinn var lagður sérbúnum hellum sem settu mjög ákveðinn svip í gerð garðsins sem sterk eining í hönnun hans. Æskilegt væri að breyta því í átt til upprunalegrar gerðar.

*Ljósmynd*
*Hallargarðurinn árið 1955.*
*Ljósmynd úr myndasafni LR*
*(Sigurhans Vignir)*



*Ljósmynd*
*Hallargarðurinn árið 2010.*
*Ljósmynd, EES*



Húsið Fríkirkjuvegur 11 er nú aftur komin í eigu afkomenda Thors Jensen. Nú síðast urðu breytingar vegna aðgengis í tengslum við breytta notkun byggingarinnar sem er friðuð. Gerð hefur verið aðkoma á jarðhæð hússins.

*Ljósmynd*
*Fríkirkjuvegur 11, árið 2018.*
*Ljósmynd, EES*

**1960 – 2000**
Ör uppbygging dreifðrar byggðar á Höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík stækkar austur fyrir Elliðaár, með byggð í Árbæ og Selás og Breiðholt. Ennfremur má segja að ný öld hefjist með komu fleiri landslagsarkitekta.

Reynir Vilhjálmsson stofnar teiknistofu 1963 og hóf störf á mjög víðum grunni. Einkagarðar, lóðir við stofnanir og almenningsgarðar auk þess þátttaka í mótun umhverfis með skipulagsáætlun. Klambratún, einkagarðar í Arnarnesi og á Flötunum í Garðabæ. Fjölbýlisgarðar við Hraunbæ í Árbæjarhverfi 1970 og Neðra Breiðholti Bakkahverfið. Margir þessara garða eru dæmi um nýja tíma í skipulagi og frágangi umhverfis. Með aukinni þekkingu í skrúðgarðyrkju, samstarfi arkitekta og landslagsarkitekta
verða til stórir garðar og útisvæði sem sum hver eru að ná 50-60 ára aldri og eru einkennandi fyrir þetta tímabil og menningarsögunnar.




Sameiginlegur garður við fjölbýli í Hraunbæ. Gönguleiðir, leiksvæði, dvalarsvæði og fjölbreyttur gróður.

## HEIMILDIR


1. https://www.eea.europa.eu/is/articles/jardvegur
2. Þórunn Jarla Valdimarsdóttir. Skúli Fógeti, faðir Reykjavíkur bls.194 2018
3. Sigurður Blöndal og Skúli Björn Gunnarsson. Íslandsskógar bls.21, 1999
4. Einar E. Sæmundsen. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. 2018 bls. 106.
5. Einar E. Sæmundsen. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. 2018 bls. 103.
6. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri. Í lundum nýrra skóga. Mbl. 23.des 1956.

# 2. kafli

## NÚVERANDI LAGARAMMI UM FRIÐUN (LIFANDI) MINJA

Við friðun og varðveislu lifandi minja nýtast eftirfarandi lagarammar að miklu leyti:

- **Lög um menningarminjar nr.80/2012**[1]
  Geta nýst til varðveislu garða að ákveðnu marki.

- **Lög um verndarsvæði í byggð nr.87/2015, og reglugerð með þeim nr. 575/2016,**[2]
  Með þeim má ætla að ramminn um verndarstarfið hafi styrkst verulega.
  Lögin tengjast skipulagsmálum í sveitarstjórnum.

### FRIÐUN OG FRIÐLÝSING

Friðlýsing er mesta mögulega verndun menningarminja. Hún er þinglýst kvöð á fasteign og er sett til að tryggja varðveislu minja. Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands.

Samkvæmt lögum eru fornmunir, fornminjar, hús og mannvistarleifar 100 ára og eldri sjálfkrafa friðað en ekki friðlýst.

### • LÖG UM MENNINGARMINJAR NR. 80/2012

Upphafsgreinar minjalaganna eru mikilvægar og forsögn þess sem á eftir fylgir í lögunum. Því verður að skoða það vel hvernig æskilegar breytingar skila sér í greinum sem á eftir koma. Eins og fram kemur hér á eftir er ekki nóg að breyta á einum stað í lögunum (1.kafli) því það hefur áhrif á t.d. IV. Kafla um „Skráning fornleifa, húsa og annarra mannvirkja“ og víðar.

TILGANGUR OG SKILGREININGAR.

Í 1. grein laganna um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verð skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.“*

Í lögunum eru menningarminjar flokkaðar í þrennt: þjóðminjar, fornminjar og byggingararf.

2. gr. laganna fjallar um **þjóðminjar og þjóðarverðmæti.**

3. gr. laganna er ítarleg skilgreining á **fornminjum** en þær eru samkvæmt lögunum annars vegar **forngripir** og hins vegar **fornleifar.**

*„ Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: (a-liður 3. mgr.): **búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjar-leifar** ásamt tilheyrandi leifum **mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.“***

Samkvæmt þessu væri hægt að staðsetja garð ( sem skrúðgarð) undir þessa grein

laganna og þá sem fornleifar. Þó fær garður oftast mótun sína og útlit í samræmi við það hlutverk að vera viðbót við byggingu, að vera dvalarsvæði íbúa hússins, matjurtagarður þeirra og leiksvæði

4. gr. laganna er um **byggingararf**. Til byggingararfs teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Í b-lið 3. mgr. 4. greinar segir að byggingararfur sé meðal annars. *„kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar.“*
Samkvæmt 4. grein telst verndað hús til byggingararfs ásamt nánasta umhverfi. Þarna gætir ákveðins misræmis milli 3. og 4. greina minjalaga. Ekki síst að ætla samkvæmt lögum að garðurinn sé jarðfastar fornleifar eða ótilgreint umhverfi byggingar eins og segir í lögunum. Svo óljós og víðtæk skilgreining garðs, getur valdið því t.d. að garður við verndaða byggingu sé í hættu þegar ráðist er í endurbætur á byggingunni – en þá er hætt við að garðurinn verði geymslu- og vinnusvæði og minjagildi hans þannig ógnað að minnstakosti ef minjar eru ekki 100 ára.

Hafi minjar (garður) náð 100 ára aldri er um að ræða sjálfkrafa friðun, en nauðsynlegt er að skýra það betur.
**Garðar eru oftar en ekki mikilvægur hluti af heild sem ekki má slíta í sundur, hvorki í hönnun, skipulagi né í friðlýsingaráætlunum.**
Það á ekki að vera túlkunaratriði hvort þeir séu með sem önnur mannvirki eða menningarsögulegt svæði.
Mikilvægt er að garðar (skrúðgarðar og trjágarðar) verði taldir með til byggingararfs sbr. 4.gr.laganna.

Breyta þarf orðalagi og skýra það betur í þessum tveimur greinum, þannig að hægt sé að vernda/friðlýsa garða sem lifandi menningarsögulegar minjar.
E.t.v.mætti bæta inn nýjum lið í upptalninguna í 4.gr. (nýr c liður).
Tillaga að orðalagi gæti verið eftirfarandi;

Byggingararfur

Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:

a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir, **heimilisgarðar, almenningsgarðar með trjám og öðrum gróðri, ásamt tilheyrandi mannvirkjum svo sem girðingum og hverskonar garðbúnaði,**
b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

## SKRÁNING FORNLEIFA, HÚSA OG ANNARRA MANNVIRKJA

*Í menningarminjalögunum er 15. gr. Skráning og skil á gögnum.*
*Þar segir í fyrstu málsgrein að „Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja.*

*Í 16. greins segir að „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Það er nauðsynlegt að skrá friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og gefin út framkvæmdaleyfi. Skráning er nauðsynleg áður en framkvæmd á sér stað til að ganga úr skugga um aðstæður rannsókn í kjölfarið getur síðan leitt til framkvæmda eða friðlýsingar mannvirkis eða fornleifa.*

Samkvæmt þessum kafla ætti að vera hægt að framkvæma ítarlega skráningu á garði. Við þá skráningu er mikilvægt að unnið sé af sérþekkingu m.a. á gróðri og föstum búnaði. Sjá kafla 6.

## FRIÐLÝSING MENNINGARMINJA

Hugmyndir að friðlýsingu geta komið frá ráðherra, Minjastofnun Íslands, sveitarstjórn, hópum fólks eða einstaklingum. ***Minjastofnun vinnur úr öllum tillögum friðlýsingarskjöl áður en þær verða að veruleika. Ráðherra gefur síðan út friðlýsingu.***

Hægt er að friðlýsa allar minjar sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, fornleifar, skip og báta, hús og mannvirki í heilu lagi eða að hluta sbr. 18.gr. laganna. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Þá má friðlýsa samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi, sem og samstæður húsa.

Umhverfi friðlýstra fornleifa er tryggt með 100 m friðhelguðu svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Það þýðir að hvers konar röskun, svo sem byggingarframkvæmdir, er óheimil nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
Ljóst er að allnokkrir garðar á Íslandi eru sjálfkrafa friðaðir skv. lögunum vegna aldursákvæðisins. Í lok þessa rits (8.kafli) er gerð tillaga um sérstaka friðlýsingu 10 garða frá ýmsum tímum.

Friðlýstum menningarminjum má enginn, hvorki eigandi, landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, raska, spilla, granda, hylja, flytja úr stað eða rífa nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
Af þessu má sjá að friðlýsing getur verið öflugt verkfæri við að vernda menningarlegar heildir sem myndast með mannvirkjum og umhverfi, húsum og görðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Minja-
stofnun er hvorki í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 heimild til þess að friðlýsa stök tré eða þekking til að friðlýsa einstök tré heldur lítur stofnunin á gróður sem hluta af heildarmynd garðs. Stök tré eru mjög oft eini vitnisburður um byggð og búsetu. Það er því mjög mikilvægt að hægt sér að ná að lögfriða slíkra mannvistarleifa.

Afstaða eða álit Minjastofnunnar á vanhæfni til að meta og vernda stök tré, leiddi til að aflað var upplýsinga um hvernig mætti tengja friðun trjáa við önnur lög með lífrænni nálgun s.s. náttúrverndarlög og endurskoðun laga um um skóga og skógrækt. Ennfremur var líka horft til Norðurlandanna. Þessi leit að úrbótum leiddi til þeirra niðurstöðu að hvorki í náttúrverndarlögum né í endurskoðun skóga og skógræktarlaga er vilji til þess að taka við þessu hlutverki enn þess í stað er lagt til að bætt verði nýrri grein í lög um menningarminjar nr. 80/2012. Frásögn af þessum leiðangri og loka tillögur til úrbóta má sjá nánar í kafla 4 sem fjallar um Stök tré og trjáþyrpingar og löggjöf til verndar.

## FRIÐLÝSTIR GARÐAR SAMKVÆMT LÖGUM UM MENNINGARMINJAR NR. 80/2012

Aðeins eru tvö dæmi um garða sem friðlýsing nær til og eru hluti af stærri heild. Aðrir garðar svo sem almenningsgarðar hafa enn ekki hlotið friðlýsingu.

Í maí 2014 var Múlakot í Fljótshlíð friðlýst. Þar tók friðlýsingin til staðarins í heild innan afmarkaðs svæðis. Um friðlýsinguna segir í texta: „Byggingar í Múlakoti, rústir útihúsa, garðurinn fyrir framan húsið ásamt lystihúsinu mynda eina órofa minjaheild sem mikilvægt er að verði varðveitt til komandi kynslóða.“[3]



*Í Guðbjargargarði í Múlakoti. Ljósmynd úr safni Sigríðar Hjartar*

Í júlí 2015 var gamla bæjartorfan á Hvanneyri friðlýst. Innan afmörkunar friðlýsingarinnar eru hús staðarins, mannvistarleifar, garðar, ferjustaður við Hvítá og gamlar aðkomuleiðir heim að staðnum. Ennfremur tekur friðlýsingin til friðaðra minningarmarka í kirkjugarði, jarðræktarminja, varnar- og áveitugarða (garðlaga) og skurða sem tengdust engjarækt á bökkum Hvítár. Tekið er fram í friðlýsingunni að ákvæði 22. gr. laga um menningarminjar um 100 metra friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum friðlýstra fornleifa eigi ekki við þessa friðlýsingu. Í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010–2022 er hluti þess svæðis sem friðlýsingin fyrir Hvanneyrartorfuna tekur til afmarkaður sem hverfisverndarsvæði.



*Frúargarðurinn á Hvanneyri. Ljósmynd: Guðrún Jónsdóttir*

## • LÖG UM VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ NR. 87/2015

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 gagnast sveitarfélögum til að stuðla að verndun menningarminja, mannvirkja og samhangandi umhverfi þeirra.

Í 1. gr. segir að markmið laganna sé „að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi".

Í 2. gr. segir að lögin gildi „um byggð innan þéttbýlis og byggðarkjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis". Hér er um að ræða heildir húsa og mannvirkja, fornleifar og einstakar byggingar. Í lögunum er hugtakið *menningarsaga* skilgreint þannig að saga menningar og lífshátta speglist í manngerðu umhverfi á tilteknum stað. Í lögunum hefur hugtakið *verndarsvæði í byggð* þá merkingu að um sé að ræða afmarkaða byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli laganna.

Í lögunum segir að sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi að svipmóti, menningarsögu og listrænu mati að ástæða sé til að þar verði verndarsvæði í byggð. Ferill sveitarstjórnar við slíka tillögugerð er að taka saman fornleifa- og húsaskráningu, greina síðan þær upplýsingarnar og meta varðveislugildið. Gallinn við þetta ferli er að fornleifa- og húsaskráning (100 ára og eldri) gefur aðeins takmarkaða mynd af því hvað skráð er um umhverfi, svo sem mannvirki við húsin eða milli þeirra, að ekki sé minnst á veggi, stíga, hleðslur, landmótun og lifandi gróður.

Þá segir jafnframt í 5. gr. laga um Verndarsvæði í byggð að við mat á varðveislugildi svæða skuli meðal annars líta til samhengis bygginga á viðkomandi svæði og til heildarásýndar svæðisins. Engu að síður er í lögunum fyrst og fremst fjallað um mannvirkin en sveitarfélögum er heimilt að setja sér samþykkt um að vernda svipmót byggðar umfram ákvörðun ráðherra.

## NIÐURSTAÐA

Mikilvægi þess að vernda garða og heildir með mikið menningarsögulegt og listrænt gildi ætti að vera engu minna en að vernda einstök mannvirki. Hvernig sem flokkunarkerfi setja niður dauðan og lifandi efnivið umhverfisins, mannvirkin og gróðurinn, er ljóst að menningargildið felst í samspili þessara þátta.
Margir okkar elstu garða eru er komnir yfir 100 ára aldur og njóta því sjálfkrafa aldursfriðunar. Að auki eru yngri garðar, merkir sökum gerðar og sögu og ætti að vera full ástæða til friðlýsingar þeirra.

Menningarminjalögin geta verið rétt verkfæri til að friðlýsa byggingararf, garða umgjörð eða landsvæði á sama hátt og skrúðgarðar, kirkjugarðar og ýmsar aðrar mannvistarleifar í landslaginu sem ber að veita vernd.

Lagt er til að skýra þurfi ýmis ákvæði í lögum um menningarminjar er snúa að umfjöllun um garða. Þegar kemur að lýsingu af heildarmynd hús,umhverfi þess og tengingu við garð, er orðalag óskýrt.

Til þess að auka vægi mats á görðum teljum við einnig nauðsynlegt að skilgreina garðinn sem byggingararf líkt og hús og mannvirki.

## HEIMILDIR


1. Lög um menningarminjar nr. 80 / 2012
2. Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015
3. Reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016

## STJÓRNSÝSLA – VERNDUN – FRIÐLÝSING – UMHIRÐA –ENDURGERÐ

Íslensk garðsaga er að ýmsu leyti frábrugðin sögu nágrannaþjóða okkar á þessu sviði. Hér voru ekki gerðir hallar- eða herragarðar fyrir aðal og konunga heldur voru garðarnir í fyrstu tengdir danskri og dansk-íslenskri kaupmanna- og embættismannastétt og síðan bændum og almenningi. Íslenska garðhefðin er umtalsvert yngri en engu að síður mikilvægur þáttur í menningarsögunni.

Í vinnu við gerð þessarar greinargerðar var farið í smiðju nágrannaþjóða okkar. Leitað var upplýsinga og fræðst um hvernig staðið er að friðlýsingu, verndun, viðhaldi/umhirðu og endurgerð menningarsögulegra garða.
Friðlýsing og umhirða bygginga hjá nágrannaþjóðum okkar hefur lengi haft stoð í lögum og reglugerðum. Það er hinsvegar ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldar að stakir garðar og önnur græn svæði fá viðhlítandi vægi og sess í regluverkinu.hjá þeim. Upplýsingarnar eru að miklu leyti fengnar af vefsetrum þeirra stjórnsýslustofnana sem fara með málaflokkinn og í samtölum við fagaðila m.a. í Kaupmannahöfn.[1]
Þá skal vísað á erindi Mette Eggen landslagsarkitekts sem hún hélt á málstofu FÍLA og Minjastofnunar 26. apríl 2018 (sjá kafla 9).

Sameiginlegt leiðarljós nágrannaþjóðanna við að móta lög, reglur og aðferðarfræði við verndun og viðhald lifandi minja er Flórens samþykktin.

### ICOMOS-IFLA 1981 - THE FLORENCE CHARTER

ICOMOS: International Council on Monuments and Sites
IFLA: International Federation of Landscape Architects

Árið 1981 gerðu ICOMOS ( (lnternational Committee of Monuments and Sites) Alþjóðaráðið um minnisvarða og sögustaði) og IFLA (International Federation of Landscape Architects)(Alþjóðasamtök landslagsarkitekta) með sérsamþykkt um varðveislu sögulegra garða og almenningsgarða (grænna svæða). Þessi samþykkt er kölluð Florens samþykktin (Florence charter). Samþykktin er viðbót við Feneyjarsamþykktina frá árinu 1964 sem er alþjóðasamþykkt um verndun og endurbyggingu sögulegra minja og svæða. Tilgangur samþykktarinnar var að sögulegir garðar og græn svæði lúti hliðstæðum ferlum. Sérstakar reglur er varða lifandi efnivið og varðveislu þessara svæða eru því tilteknar í Flórens skránni frá 1981.

Samþykktin er 25 greinar og skiptist í fjóra kafla:

**1.kafli: Skilgreining og markmið**
Þar er m.a. fjallað um hugtakið sögulegur garður og sögulegur almennings-garður, hvað felst í sögulegu samhengi garðsins og hver er tenging við byggingar og næsta umhverfi.

**2.kafli: Viðhald – varðveisla – endurgerð – viðgerð**
Fjallar um mismunandi aðgerðir til varðveislu og hvað felst í viðkomandi hugtökum.

**3.kafli: Notkun**
Tilmæli er varða jafnt almennt aðgengi sem tilfallandi atburði á svæðunum

**4.kafli: Ábyrgð á regluverki og stjórnun**
Fjallar um ábyrgð og skyldur yfirvalda og sérfræðinga til að afla nothæfs plöntuefnis ásamt því hvernig hægt er að efla og styrkja menntun, fræðslu og áhuga á sögulegum görðum og svæðum

## DANMÖRK

Í Danmörku starfar félag áhugamanna um garðsögu, *Havehistoriskt selskab*, og gefur það út vandað ársrit, *Fra kvangård til humlekule*, (síðustu árgangar 70–80 bls.) með fræðilegum greinum um ræktun, viðhald og sögu gamalla garða.

Auk þess starfa þar regnhlífarsamtökin *Landsforeningen for bygnings-og landskabskultur* (LBL) sem gegna mikilvægu hlutverki í friðlýsingarferli fyrir garða.

Í samtökunum eru um 100 félög víðsvegar í Danmörku, en þau voru 26 við stofnun samtakanna fyrir um það bil hálfri öld. Markmið samtakanna er að standa vörð um menningarverðmæti í byggingum, görðum, opnum svæðum og gömlum hverfum. Innan samtakanna starfa ráð á ýmsum sérsviðum og vinna meðal annars að því að móta tillögur og fylgja þeim eftir gagnvart yfirvöldum. LBL gefur út tímarit, *By & land*, fjögur tölublöð árlega.

LBL innir af hendi mikla undirbúningsvinnu við að móta friðlýsingatillögur (fredningsforslag) sem koma bæði frá samtökum og einstaklingum. Þær fara síðan til sveitarfélaga og til *Slots- og Kulturstyrelsen* sem er ein af stofnunum menningarmálaráðuneytisins. Í upphafi var löggjöfin þröng og því þótti nauðsynlegt að leita út fyrir þann lagaramma og nýta meðal annars náttúruverndarlögin. Árið 2010 komu ný lög sem gefa víðtækari möguleika á að friðlýsa garða án þess að þeir tengist húsi – garða í opnu rými (selvstændinge arkitektoniske værker). Við mat á margvíslegu verndargildi þykir mikilvægt að draga niðurstöður saman í „aðalgildi garðsins“ (hagens bærende værdi).

Samkvæmt fulltrúum LBL eru hætta á að ef hörð og ströng skilyrði á faglegum vinnubrögðum við umhirðu og viðhald geti spillt fyrir og skapað meðal annars hættu á að garðar verði látnir vaxa úr sér. Það skiptir líka máli hvort um einstaklinga







Tímarit dönsku áhugamannasamtakanna

eða opinbera aðila er að ræða. Það sé algengt að friðlýsingar sé óskað af hálfu sjóða (dæmi: *Realdania* sjóðurinn) sem óska jafnvel eftir að endurgera og viðhalda garðinum samkvæmt ítrustu kröfum. Að vel ígrunduðu mati getur verið eðlilegra að nota frekar nýrri kvæmi gróðurs í stað þeirra  upphaflegu og óhagkvæmari kvæmi. Ennfremur var tekið fram að garður við friðaða byggingu  t.d. safns væri á ábyrgð viðkomandi aðila og til jafns við sjálft húsið.

Árið 2010 urðu þær breytingar á dönsku mannvirkjaverndarlögunum (Bygningsfredningsloven  lov. nr. 474 af 7.maj 2010) að heimilt er að friðlýsa stök landslagsverk (landskabsarkitektoniske værker). Þetta nær meðal annars til garða og grænna svæða. Fram að þeim tíma var samkvæmt lögunum aðeins hægt að friðlýsa byggingar með sérstök byggingarlistarleg eða menningarsöguleg gildi en lögin náðu þá ekki til garða eða svæða nema sem heild við byggingar eða sérstök hverfi.

Athyglisvert er að með breytingunum geta því svæði sem eru orðin **50 ára** og/eða hafa sérstakt byggingafræðilegt eða menningarsögulegt gildi  hlotið friðlýsingu samkvæmt þessum lögum. Friðlýsingarferlið er það sama og þegar um byggingar er að ræða.

Fram kemur, að með lagabreytingunni frá 2010  höfðu þegar árið 2013 um 50 einkagarðar verið friðlýstir ,  um 190 bæjarhlöð, torg eða svæði með sérstökum yfirborðsefnum, um 20 almenningsgarðar og opinber svæði og um 15  tré. limgerði eða trjágöng í tengslum við friðlýstar byggingar.

Dæmi um friðlýsingu á grunni lagabreytingarinnar frá 2010:





- Íbúðarhús Knuds Holschers og garður, Rudersdal, Sjálandi. Garður og hús byggt sem ein heild 1972. Landslagsarkitekt Svend Kierkegaard

- Svæðið austan við Vor Frue Kirke, Kalundborg, Sjálandi. Fyrsta svæðið sem friðað er sem sjálfstætt svæði óháð tengingu við byggingar. Byggt árið 1953, hönnuður C.Th. Sørensen landslagsarkitekt.

## Sjá einnig

- Rapport fra arbejdsgruppe om fredning af selvstændige landskabsarkitektoniske værker. Kulturstyrelsen 2013, Kaupmannahöfn.[1]  Slóð: https://slks.dk/fileadmin/publikationer/Kulturarv/Fredning_af_selvstaendige_landskabsarkitektoniske_vaerker._Rapport.pdf

- https://www.retsinformation.dk/Forms/r0710.aspx?id=199864[2]




## SVÍÞJÓÐ

Í Svíþjóð fer sænska Minjastofnunin (Riksantikvarieämbetet) með málaflokkinn í samræmi við menningarminjalögin (Kulturmiljölagen). **Þau lög ná til bygginga, almenningsgarða, garða eða mannvirkja sem hafa menningarsögulegt gildi**. Frá 1989 hefur með stoð í lögunum verið hægt að skilgreina garða og almenningsgarða sem varðveisluhæfa og gera kröfur um verndun þeirra og umhirðu samkvæmt verndaráætlunum. Þetta eru ýmist garðar í tengslum við hús eða án húss og í tengslum við íbúðarsvæði. Sérákvæði eru um svæði í eigu ríkisins. Einnig er fjallað um stærri samhangandi svæði í lögunum. Garðar og almenningsgarðar geta fengið vernd sem menningarverndarsvæði (kulturreservat).

Hvatinn að umræðunni um verndun, friðun og friðlýsingu í Svíþjóð var á sínum tíma Flórens-samþykktin frá 1981 (sjá í inngangi kaflans). Til þess að fá betri yfirsýn yfir þekkingargrunn og þörf á frekari rannsóknavinnu og bæta að auki aðferðafræði við verndun, friðun og friðlýsingu garða og landslagsverka stóð sænska Minjastofnunin ásamt Landslagsskipulagsdeildinni við Landbúnaðarháskólann á Alnarp (Institutionen för landskapsplanering) að málþingi haustið 1994. Fengnir voru fyrirlesarar frá Danmörku, Noregi, Þýskalandi, Hollandi og Englandi. **Með þessum hætti fékkst yfirlit um hvernig unnið var í ríkjum þar sem löng hefð er fyrir varðveislu og umhirðu menningarsögulegra garða, og leiddir voru saman fræðimenn, fagmenn, embættismenn og ábyrgðaraðilar ýmiss konar í málaflokknum.**

Afrakstur þessa málþings var ítarleg skýrsla þar sem grunnur var lagður að bættum lögum og reglum - , **Historiska parker och trädgårdar – ett arv att vårda och sköta** (Riksantikvarieämbetet, Stokkhólmi 1996; slóð: http://kulturarvsdata.se/raa/samla/html/10030).[3]

### Sjá einnig:

- Eklund Karl Johan (ritstj.). *Parken på Grönsö. Om bevarande och utveckling av en historisk park*. Institutionen för stad och land, Uppsölum 2012.
- Flinck Maria. *Historiska trädgårdar. Att bevara ett föränderligt kulturarv*. Carlssons, Stokkólmi 2013.
- Ilminge Christina. *Bevara och sköta en gammal trädgård*. Prisma, Stokkhólmi 2001. (2. útg. aukin 2016.
- Parkvård i kulturmiljö, *Råd och erfarenheter.* Statens fastighetsverk, 2015. Slóð: https://www.sfv.se/globalassets/broschyrer/parkvard/parkvard-lag.pdf
- Wilke Åsa. *Villaträdgårdarnas historia. Ett 150-årigt perspektiv*. Norstedts, Stokkhólmi 2014.

## HEIMILDIR

1. www.riksantikvarieämbetet.se[4]
2. http://landscapes.icomos.org/
3. https://stud.epsilon.slu.se/40/3/bjerler_k_090414.pdf

## NOREGUR

Í Noregi fer Minjastofnun (Riksantikvaren), sem heyrir undir loftslags- og umhverfisráðuneytið (Klima- og miljødepartementet), með málaflokkinn samkvæmt menningarminjalögunum (kulturminneloven) frá 1978 með síðari breytingum, meðal annars frá 2010 þegar hugtakið *gröntanlegg* kom inn sem samheiti yfir einkagarða (hager) og almenningsgarða (parker).

SAMKVÆMT LÖGUNUM ERU EFTIRFARANDI VERNDARFLOKKAR:

**Friðaðar menningarminjar *(fredete kulturminner)***
Strangasta tegund verndar. Allar breytingar aðrar en viðhald þarfnast samþykkis yfirvalda. Viðkomandi lagastoð eru lög um menningarminjar (Kulturminneloven; Svalbardmiljøloven). Skipuleg vernd menningarminja getur komist á með sjálfkrafa friðun vegna aldurs eða með sérstakri friðlýsingarákvörðun Minjastofnunarinnar (vedtaksfredet). Um sjálfkrafa friðun fer samkvæmt menningarminjalögunum. Sjá nánar: http://www.riksantikvaren.no/Fredning/

**Verndaðar menningarminjar *(vernete kulturminne)***
Minjar sem verndaðar eru en ekki með eins ströngum reglum og hinar friðuðu. Lagastoð í menningarminjalögum, skipulags- og mannvirkjalögum, kirkjulögum eða lögum um líffræðilega fjölbreytni.

**Verndarhæfar menningarminjar *(verneverdige/bevaringsverdige kulturminner)***
Um er að ræða menningarminjar sem teljast hafa menningarsögulegt gildi og eru verndarhæfar samkvæmt sérstöku mati. Þær minjar sem hafa menningarsögulegt gildi á landsvísu hljóta vernd samkvæmt menningarminjalögunum, en aðrar hafa héraðslegt eða sveitarbundið gildi og njóta verndar sveitarfélaga með stoð í skipulags- og mannvirkjalögum.
Margar hinna verndarhæfu minja eru settar á sérstaka skrá og njóta ákveðinnar verndar sem slíkar, en fá mismunandi verndun/friðun síðar.

**Í Noregi er umhirðuáætlun hluti af friðlýsingarskilmálum**

Mörg svæði eða staðir eru ekki friðaðir eða verndaðir samkvæmt menningarminjalögunum eða skipulags- og mannvirkjalögum en með aðstoð stjórnsýslunnar eru þeir varðveittir og um þá annast vegna skilnings og áhuga notenda og eigenda á mikilvægi þeirra.

### Sjá einnig:

- https://www.riksantikvaren.no/Veiledning/Ordforklaringer-og-ordlister/
- https://www.riksantikvaren.no/Fredning/Fredet-vernet-verneverdig

Dæmi um menningarsögulega garða sem hafa verið endurgerðir og varðveittir vegna sérstöðu sinnar:



- Smábýlið Øverstua
  Á Vega-eyjum úti fyrir Hálogalandi, sem eru á heimsminjaskrá, er almúgagarður eins og tíðkaðist meðfram ströndinni á sínum tíma. Ítarlegar gróður rannsóknir hafa farið fram í garðinum og sýna hvernig Efristofu-fólk ræktaði garðinn sinn.

- Almenningsgarður í Mosjøen
  Nýklassískur almenningsgarður frá upphafi 20. aldar í bænum Mosjøen á Hálogalandi. Friðaður 2009 eftir endurgerð. Hefur mikið menningarsögulegt gildi fyrir íbúa bæjarins, eitt staðareinkenna, vel varðveittur hluti ferningaskipu-lags frá því upp úr aldamótum þegar vöknuð er vitund um nauðsyn grænna svæða í bæjum og borgum. Í friðlýsingarskilmálunum er sérstaklega gerð grein fyrir kröfum um rýmismyndandi plöntur (tré og runna) annars vegar og hins vegar fjölærar plöntur. Ef endurnýja þarf rýmismyndandi plöntur skal leitast við að gróðursetja samsvarandi plöntur. Fjölærar plöntur skulu vera dæmigerðar fyrir upphafstíma garðsins.




| Vernestatus | Vedtaksfredet |
|---|---|
| Formål med fredning | Fredningen av parken skal sikre den komplette parken med sine tre deler, 1900-parken. 1948-parken og 2000-parken. Formålet er å bevare Byparken i Mosjøen som et kulturhistorisk viktig anlegg, med lesbare enkeltdeler fra tidlig 1900-tall og helt fram til vår tid, med stor betydning for byen Mosjøen og som representant for norsk parkhistorisk utvikling. Fredningen vil ikke være til hinder for en fortsatt bruk av området som bypark og rekreasjonsområde. Når det gjelder 1900- og 1948-parken åpner fredningen også for en videre tilbakeføring til opprinnelig utforming ut over det som er utført i forbindelse med restaureringsarbeidenefram til 2008. |
| Lovgrunnlag | Kulturminneloven av 1978 |
| Paragraf | 15 (Fredning av bygninger, anlegg m.v. fra nyere tid) |




- Nygårdsparken í Björgvin
  Eitt besta dæmi í Noregi um almenningsgarð í svokölluðum landslagsstíl frá síðari hluta 19. aldar er Nygårdsparken sem var fullgerður árið 1885 og er 7,5 hektarar að stærð. Garðurinn skipar merkan sess í bæjarmynd Björgvinjar og er í honum fjöldi stórra og merkilegra trjáa. Megintilgangur með gerð hans var að efla lýðheilsu bæjarbúa. Á seinni árum hefur hann verið í talsverðri niðurníðslu og því var ákveðið 2014 að fara í umfangsmikla endurnýjun á gróðri og skipulagi með nútímaþarfir í huga. Athyglisvert er að sjá hvernig tekist hefur með tilliti til aðgengis fyrir alla, gerð leiksvæða og endurnýjun gróðurs að endurgera garðinn þannig að upphaflegur byggingastill og hugmyndafræði haldist.

## SAMANTEKT - NIÐURSTAÐA

Flórens samþykktin hefur verið leiðarljós áðurnefndra nágrannalanda okkar við mótun regluverks við verndun og umhirðu garða og svæða
Friðlýsing og verndun menningarsögulegra garða hjá nágrönnum okkar er með svipuðu sniði. Almennt er lagastoð í minjalögum en til viðbótar ákvæði í skipulags- og byggingalögum sem einnig nýtast til varðveislu garða.

Athyglisvert er að i Danmörku er aldurstenging miðuð við 50 ára aldur en einnig er fyrir hendi farvegur til að friðlýsa yngri garða eða svæði.
Í þessum löndum er almennt lögð áhersla á fræðslu og fagþekkingu við umhirðu- og verndaráætlanir.

## LJÓSMYNDIR

Ljósmyndir fengnar af veraldarvefnum

## HEIMILDIR


1. https://slks.dk/fileadmin/publikationer/Kulturarv/Fredning_af_selvstaendige_landskabsarkitektoniske_vaerker._Rapport.pdf
2. https://www.retsinformation.dk/Forms/r0710.aspx?id=199864
3. http://kulturarvsdata.se/raa/samla/html/10030
4. www.riksantikvarieämbetet.se
5. http://www.riksantikvaren.no/Fredning/

# 4. kafli

## STÖK TRÉ OG TRJÁÞYRPINGAR -LÖGGJÖF TIL VERNDAR

Stakstætt tré getur verið menningarsögulegur vitnisburður um horfinn garð og brotin mannvirki undir gróðurhulu. Sem slíkt getur það staðið sem fulltrúi hugsjóna og gilda ákveðins tímabils í menningarsögu og ræktunarsögu landsins og verið þess virði að vernda. Tilgangurinn með verndun húsa, mannvirkja, garða og gróðurs hlýtur að vera sá að menningararfurinn myndi heildstæða frásögn fyrir komandi kynslóðir.



Í viðtali í Morgunblaðinu við systurnar Kristínu og Hildi Bjarnadætur sem ólust þar upp segir: *"Suðurgata 5 en nú stendur glæsilegur hlynur, eðaltré sem setur mjög svip sinn á horn Suðurgötu og Vonarstrætis. Húsið var pínulítið en fallegt timburhús með stórum garði og í kringum hann var bárujárnsgirðing, það há að við munum harla lítið eftir þessu mikilfenglega tré frá æskuárunum".*

*Ljósmynd: Auður Sveinsdóttir*

Á horni Vonarstrætis og Suðurgötu er nú lokað bílastæði kennt við happdrætti Háskóla Íslands á lóð Suðurgötu 5.

Í dag nýtur hlynurinn sem gróðursettur var um 1920 verndar Reykjavíkurborgar og er með girðingu umhverfis stofninn, svo og fræðsluskilti sem segir sögu trésins. Hlynur getur náð 4-500 ára aldri.

Í þessu dæmi má velta upp spurningunni í hverju vernd sveitarfélagsins felst og hvernig er stoð í lögum? Ennfremur er eftirtektarvert að þarna er girðing til varnar stofninum á trénu en önnur verndun er snýr að jarðvegi og rótarkerfi er ekki sýnileg.

**Brýnt er að leita leiða til að vernda einstök tré og gróðurlundi vegna sögulegs og líffræðilegs gildis þeirra og að sú vernd sé lagalega trygg.**

**Til að fá skýrari mynd af núverandi lagaumhverfi er eftirfarandi til skoðunar:**

### • MENNINGARMINJALÖG

Samkvæmt 57. grein menningarminjalaganna er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laganna í heild eða einstakra hluta þeirra.
Þrátt fyrir að Menningarminjalögin **geti verið nothæft verkfæri til að friðlýsa staði, umgjörð eða landsvæði svo sem skrúðgarða, kirkjugarða og ýmsar aðrar mannvistarleifar í landslaginu taldar meðal menningarminja, virðist sem þau nái ekki utanum verndun stakra trjáa og trjálunda.**

Samkvæmt upplýsingum frá Minjastofnun er hvorki í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 heimild til þess að friðlýsa stök tré né þekking til að friðlýsa einstök tré heldur lítur stofnunin á gróður sem hluta af heildarmynd garðs.

## • NÁTTÚRUVERNDARLÖG

Með náttúruverndarlögum má friða lifandi minjar á Íslandi enda eru ákvæði í þeim lögum sem gerir það kleift. Árið 1978 gaf menntamálaráðherra út *Auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda*, alls 31 tegundar, samkvæmt ákvæði í náttúrverndarlögum (47/1971). Þar er m.a. bannað „að slíta af þessum plöntum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt“.[1]

Umhverfisráðherra getur friðlýst meðal annars lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi (sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013).[2]

Náttúrufræðistofnun Íslands gefur út válista um lífverur sem eiga undir högg að sækja, eru í útrýmingarhættu eða hefur verið útrýmt. Á válista æðplantna 2018 er fjallað um 85 æðplöntutegundir. Þeim er raðað í átta válistaflokka alþjóðasamtakanna IUCN og eru 56 tegundir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands.[3]

Á fundi skýrsluhöfunda með skrifstofustjóra á skrifstofu landgæða í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu var rætt um möguleika á að nýta ákvæði náttúruverndarlaga til að friða trjágróður, meðal annars í görðum. Þar kom fram að eftir samþykkt síðustu náttúruverndarlaga (60/2013)[4] væri nokkuð langsótt að friða trjágróður í görðum á grunni laganna. Samkvæmt anda laganna væri þar frekar um menningargildi að ræða en náttúruleg gildi.

DÆMI ERLENDIS FRÁ:

Á fundi með fulltrúa dönsku Slots- og Kulturstyrelsen kom fram að einstök tré hefðu meðal annars verið friðuð á grundvelli dönsku náttúruverndarlaganna.[5]

Bæði í Noregi og Danmörku hefur verið gripið til þess að friða einstök tré og tiltekna trjálundi á grundvelli þarlendra náttúruverndarlaga. Í seinni tíð hafa hins vegar orðið breytingar á lögum og torveldað slíka friðun.[6]

Nú (2019) eru í Noregi friðaðar 179 grasafræðilegar minjar (botaniske naturminner), tré og trjágöng. Kvaðir vegna þessara minja eru opinberlega þinglýstar þannig að við eigendaskipti geri nýr eigandi sér fulla grein fyrir þeim.[7]

Skógræktarfélag Íslands hefur hátt í þrjátíu ár vakið athygli á gömlum og merkilegum trjám þ.e.a.s. valið ,,Tré ársins." Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land.[8]



Hlynur á horni Vonarstrætis og Templarasunds. Frá fyrrihluta 20.aldar getur náð 4-500 ára aldri.

*Ljósmynd: Þráinn Hauksson*

## • FRUMVARP TIL NÝRRA LAGA UM SKÓGA OG SKÓGRÆKT

Á yfirstandandi (149). löggjafarþing 2018–2019.liggur fyrir frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Umsagnaraðilar hafa lagt áherslu á að ákvæði um friðun einstakra trjáa verði lögfest með samþykkt laganna.[1] Garðsöguhópur FÍLA ritaði skrifstofu landgæða í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og tók undir þessar umsagnir.
Í 16.gr. frumvarpsins um skóga og skógrækt er fjallað um friðun trjáa og skóga. Í umsögnunum er bent á mikilvægi þess að geta friðlýst stök tré.

Erindi var sent Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis þann 13.02.2019[1] þar sem vakin var athygli á vinnu þeirri sem unnið hefur verið að m.a. til að leita leiða til verndunar sögulegra garða, stakra trjáa og trjálunda. Þar segir m.a.:
*„Verndun gamalla menningarsögulega garða og skrúðgarða á stoð í Lögum um menningarminjar nr. 80, 2012. en sbr. 3ju grein a.liðar laganna, þar teljast skrúðgarða og skyldar minjar s.s. kirkjugarða fornminjar."*

Í framhaldinu voru skýrsluhöfundar boðuð á fund Umhverfis- og samgöngunefndar til þess að skýra mál sitt nánar og ræða nauðsyn þess að það væri rett að bæta inn í 16. gr. nýs frumvarps um skóga og skógrækt nýjum lið til þess að ná utan um friðlýsingu stakra trjáa og garðagróðurs.

Í nefndaráliti frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem var útbýtt 25.03.2019 og birt á vef Alþingis þar kemur í ljós að nefndin hefur ekki fallist á tillögur okkar.

Þar segir um vernd og friðun stakra trjáa.
„Nefndinni var bent á að lagaákvæði skorti til að friða og vernda stök tré og trjálundi af menningarsögulegum eða ræktunarsögulegum ástæðum. Bent var á möguleikann að bæta slíkri vernd við 16. gr. frumvarpsins. Nefndin telur mikilvægt að hægt sé að grípa til slíkrar verndar og beinir því til umhverfis- og auðlindaráðuneytis að slíkri vernd verði fundinn staður í lögum.

Mætti þar t.d. líta til þess hvort slík ákvæði ættu heima í lögum um menningar- minjar, nr. 80/2012, lögum um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015, náttúruverndarlögum, nr.60/2013, og/eða með skýrari ákvæðum í skipulagslögum, nr. 123/2010. Fyrir nefndinni kom fram að líklega færi þetta verkefni best með minjavernd og verndun búsetusögu."

Garðsöguhópurinn tekur undir þessar ábendingar og leyfir sér að móta tillögu að lagagrein um vernd og friðun trjáa og garðagróðurs sem verði fundinn staður í lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 .

**Eftirfarandi er tillaga garðsöguhóps FÍLA að nýrri grein í minjalögin**

## FRIÐLÝSING TRJÁLUNDA, TRJÁA OG GARÐAGRÓÐURS

*Menntamálaráðherra getur, að fengnu áliti Minjastofnunar, friðað einstök tré, trjálundi og garðagróður.*

*Minjastofnun undirbýr friðlýsingu og starfrækir í því skyni nefnd sem í sitja fimm fastafulltrúar,einn frá Minjastofnun, einn frá SAMGUS - Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga, einn frá Skógræktarfélagi Íslands og einn frá FÍLA félagi íslenskra landslagarkitekta og einn frá Landbúnaðarháskóla Íslands LBHÍ. Nefndin útbýr friðlýsingarskilmála þar sem fjallað er um vernd, meðferð, mögulegar aðgerðir og skyldur aðila.*

*Friðlýsing tekur gildi þegar ráðherra staðfestir skilmálana með undirskrift og er hún ígildi reglugerðar. Ytri mörk hins friðlýsta minjastaðar skulu skilgreindur á rafrænum kortagrunni. Minjastofnun heldur yfirlitsskrá yfir friðlýsta, trjálundi, tré og garðagróðurs skv. ákvæði þessu.*

*Friðlýsing skv. þessari grein er háð samþykki eigenda viðkomandi trjálunda, trjáa og garðagróðurs og viðkomandi sveitarfélags.*

*Minjastofnun skal láta þinglýsa friðlýsinguna sem kvöð á landi/lóð þeirri sem í hlut á. Greina skal í tilkynningu til hvers friðlýsingin nær. Ráðuneyti auglýsir friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.*

## • SKIPULAGSLÖG OG REGLUGERÐ TIL VERNDAR GRÓÐURS OG GRÆNNA SVÆÐA

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er sveitarfélögum veitt víðtækt vald til þess að ráða landnotkun og framvindu breytinga á landnotkun. Í skipulagsreglugerð er hlutverk hverfisverndar skilgreint. Samkvæmt reglugerð er hægt í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi að vernda sérkenni eldri byggðar, aðrar menningarsögulegra minjar eða náttúruminjar. Í lögunum segir að í skipulagsreglugerð skuli kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti. Í nýrri skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti.

Í inngangi að skipulagsreglugerð sem á að gefa yfirlit um hlutverk skipulagslaga og þar segir:

- að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,

- að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

Í kafla 6 í skipulagsreglugerð gr. 6.3. sem fjallar um „Takmarkanir á landnotkun“ segir um Hverfisvernd (HV) :
*Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.(t.d. Menningarminjalögum)*

## MIKILVÆGT HLUTVERK SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélög hafa lengi reynt að stuðla að vernd trjágróðurs og hafa sum þeirra eftirlit með trjáfellingu í heimilisgörðum fólks. Líklega má rekja upphaf regla um fellingu trjáa allt aftur til 1980 á Ári trésins, en þá setti borgarstjórn Reykjavíkur fyrst reglur. Það er víst að vel hirtur og þroskaður trjágróður setur mikinn svip á umhverfi fólks í þéttbýli. Að sama skapi hefur vöxtulegur trjágróður skapað miklar illdeilur milli nágranna.

Nokkur sveitarfélög hafa gert leiðbeiningar um vernd trjágróðurs sem og leiðbeiningar og ýmis eyðublöð til þess að tryggja að trjáfelling fari rétt fram og með upplýstu samþykki aðila. Reykjavík[10], Akureyri, Hafnarfjörður og mörg fleiri stærri bæjarfélög hafa slíkar leikreglur og reyna að fylgja þeim.

Áhugaverð úttekt var gerð í Hvergerði árið 2005. Sérfræðingar mátu þá verndargildi trjágróðurs í tveimur görðum í tengslum við endurskoðun aðalskipulags bæjarins. Matið leiddi til þess að tré í görðunum voru metin ómetanleg og verðmæt og var ákveðið að leggja hverfisvernd á garðana.[11]

## DÆMI UM NÚVERANDI REGLUR Í SVEITARFÉLÖGUM UM VERND TRJÁGRÓÐURS

Reykjavíkurborg hefur látið vinna ítarlega skýrslu um R*æktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum*.[12] Þar er ekki mikið um vernd trjáa en rakin þróun trjáræktar í Reykjavík. Í greinargerðinni er samankominn mikill fróðleikur um vaxtarskilyrði í borginni og lýst öllum helstu trjám sem eiga möguleika að ná árangri.

Borgin hefur einnig sett sér markmið í trjárækt í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.* Þar segir að stuðlað skuli að „verndun á trjágróðri í þegar byggðum hverfum með skírskotun til menningarminja og sögu með gróðurfarsúttektum.“[13] Einnig hafa nokkur sveitarfélög skráð elstu og athyglisverðustu tré innan sinna marka.

Á Akureyri var gerð samþykkt um verndun trjáa árið 2002.[14] Þar segir í 2. grein að samþykktin taki til allra trjáa á Akureyri sem orðin eru 8 m á hæð eða eldri en 60 ára. „Við gerð aðal- og deiliskipulags getur umhverfisráð lagt til að trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis njóti hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Ákvæði samþykktar þessarar víkja fyrir strangari ákvæðum sem sett eru í deiliskipulagi einstakra reita eða bæjarhverfa.“

Kort hefur verið gefið út á Akureyri sem vísar veg að athyglisverðum trjám í bænum.[15]

Til fróðleiks og samanburðar eru reglur Kaupmannahafnar um verndarvirði trjágróðurs en þar er nú í gildi trjáræktarstefna fyrir árin 2016–2025.[16]

Hún var mótuð samkvæmt fimm meginreglum:

1. Núverandi trjágróður í Kaupmannahöfn á að varðveitast.
2. Sérlega mikilvæg tré í Kaupmannahöfn á að skrá og vernda.
3. Það á að gróðursetja fleiri tré í Kaupmannahöfn.
4. Það á að tryggja góð vaxtarskilyrði fyrir nýjan gróður og núverandi gróður í Kaupmannahöfn
5. Það á að tryggja fjölbreytni í tegundum trjágróðurs í Kaupmannahöfn.

Þegar skráður er verndarverður trjágróður skal skoða fagurfræðileg gæði (æstetisk kvalitet) trésins, meta aðstæður trésins og umhverfi (fysiske forhold), heilbrigði þess (sundhedstilstand), og kanna að lokum hvort tréið sýnir vel tegundarlega gerð sína (botanisk egenart). Fegurð trésins og heilbrigði verða að vera hafin yfir vafa. Ef aðstæður leyfa er hægt að velja trjálundi eða trjágróður í heild og skulu þeir þá verndaðir eins og um væri að ræða garða, almenningsgarða eða stór opin svæði.

Við fagurfræðilegt mat skal athuga heildargerð trésins, hlutföll í byggingu þess og greinabyggingu, eðlilegt vaxtarlag og það hvernig tréð fellur inn í umhverfi sitt og gefur því gildi.



Frá Grábræðratorgi í Kaupmannahöfn

*Ljósmynd: Fengin af veraldarveg*

Athuga skal aðstæður þar sem tréð vex. Neikvæðar aðstæður eru skuggi, mikill þéttleiki trjáa á svæðinu, að tréð stendur of nálægt byggingu, raflínur eru of nærri o.fl. Jákvæðir þættir eru m.a. að tréð dregur úr óæskilegum áhrifum af mannvirkjum á svæðinu, að tré stendur við veg í trjáröð sem fellur vel að legu vegarins. Gróður með vegi sem ekki fellur vel að veginum er sjaldan metinn verndarverður.

Heilsufarsþættir eru m.a. viðarrotnun, trjásjúkdómar, heilbrigði róta og hætta á að algengir sjúkdómar leggist á trjátegundina. Tegundir sem útbreiddir sjúkdómar hafa að undanförnu lagst á eru ekki lengur taldar verndarverðar. Þetta á t.d. við um álm vegna álmsýki sem hefur herjað í Evrópu. Trjátegundir sem hafa stuttan lífaldur eru sjaldan metnar verndarverðar og ekki tré sem með aldrinum losa sig reglulega við visnar greinar, svo sem ákveðnar aspartegundir.

Ekki eru sjálfkrafa vernduð tré með skýr tegundareinkenni eða sjaldgæf tré. Sjaldgæfi er allajafna afstætt gildi, og skapast oft af þeim sökum að tegundin hefur ekki náð almennri fótfestu vegna danskrar veðráttu og á erfitt með að þroskast í dönsku veðurfari. Tegundareinkenni vega því sjaldan þungt en skulu þó vera hluti af matinu.

**Verndarvert tré fellt**
Eigi maður tré sem í deiliskipulagi eða verndaráætlun er talið verndarvert þarf hann að sækja til sveitarfélags síns um leyfi ef hann vill fella tréð eða skerða með einhverjum hætti.

## HEIMILDIR


1. Auglýsing menntamálaráðherra frá 1978
2. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
3. https://www.ni.is/grodur/valistar-og-fridun
4. Lög um náttúruvernd. nr 60/2013
5. Frá fundi fulltrúa faghópsins hjá Slots- og Kulturstyrelsen. sept. 2016. Minnispunktar.
6. Trefredning i Norge (Treets venner)
7. Rettslig beskyttelse for trær – greinargerð frá Institutt for landskapsplanlegging, Universitetet for miljø- og biovitenskap (UMB) fra 2006.
8. Listi Skógræktarfélags Íslands yfir tré ársins frá 1990.
9. Nefndarálit, um frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Frá umhverfis- og samgöngunefnd.Birt 25.03.2019.
10. Stefna í trjáræktarmálum. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Reykjavík 2012.
11. Úttekt á garðinum við Bröttuhlíð 4 og nokkrum öðrum trjám í Hveragerði. O.H. og Ó. N. Landform ehf. 2005
12. Rit LbhÍ nr. 64. Ræktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum Samson B. Harðarson o.fl. 2016.
13. Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 – útg, 2016 bls.111
14. Samþykkt um verndun trjáa á Akureyri 2002
15. Merk tré á Akureyri – útg. Skógræktarfélag Eyfirðinga, 2005.
16. Københavns Kommunes Træpolitik 2016-2025

## NOKKRAR STAÐREYNDIR UM FASTAN BÚNAÐ OG GRÓÐUR

Aðeins reyniviður, birki og blæösp eru talin upprunaleg tré í náttúru Íslands. Þau hafa fylgt görðum frá upphafi, eins og sjá má á áðurnefndum reynivið að Skriðu í Hörgárdal.
Síðar hafa komið innfluttar trjátegundir og náð verulegri útbreiðslu. Mikill munur er á þroska og mögulegum aldri trjánna. Stærð trés og útlit getur mótast af vaxtarstað þess en skilyrðin á vaxtarstað eru mjög mismunandi og staðbundin og mótast árangurinn oftast af veðurfari, skjóli, jarðvegi og umhirðu. Segja má að ákafinn við að reyna nýjar tegundir hafi leitt í ljós að sumar trjátegundir af erlendum uppruna eru of stórgerðar í litla heimilisgarða og eiga frekar heima í opnu almenningsrými, sbr. heimildir frá Yndisgróðri[1], frá gróðrarstöðvum[2] og Garðyrkjufélaginu.[3]




Á uppdrætti Tryggva Gunnarssonar að Alþingisgarðinum 1893 eru drög að plöntulista sem er einn elsti plöntulisti sem fundist hefur. Hann skrifar á uppdráttinn tegundir sem hann langar að hafa í garðinum. Auk reyniviðar, birkis og „píl“ eða víðis leggur hann til að það verði bæði greni og fura auk matjurta.  Það lítur helst út fyrir að hann hafi haft fyrirmynd úr danskri plöntuskrá því að plöntuheitin eru í bland íslensk, dönsk eða latnesk. Á hæðinni, þar sem hann var síðar grafinn, segir þó að þar sé „Steinahóll með íslenzkum grösum og blómstrum“.[4]

## ALGENG TRÉ Í GÖRÐUM

Eftirfarandi trjátegundir, runnar og fjölæringar eru meðal algengustu tegunda sem finna má í gömlum görðum.



**Birki** *(Betula pubescens)*
Getur náð 4–5 m hæð á 20 árum. Hámarksaldur talin um 200 ár. Á Íslandi er algengt að birki verði 80-100 ára.[5] Eitt algengasta garðatréið upp úr aldamótum 1900.[6]

Birki. Háteigsvegi 36 Reykjavík. Tré aprílmánaðar 2009. Gróðursett milli 1930-40. Hæðin er 6,7 metrar, ummál stofns í 0,6 m.  hæð frá jörðu er 1,55 m. og þvermál krónu um 8,4 m.

**Alaskaösp** *(Populus trichocarpa)*
Nær 8-10 m hæð á 20 árum. Alaskaösp var fengin til Íslands frá Alaska árið 1943 eða 1944 og var fyrst reynd sem garðtré. Elstu eintökin má finna í trjásafninu í Múlakoti í Fljótshlíð. Mismunandi yrki hafa náð útbreiðslu - *Salka, Keisari og Haukur.* Hefur náð tæplega 30m hæð hérlendis. Ekki vitað enn hve gömul hún verður.



Alaskaösp sem trjágöng í Laugardal

**Reyniviður** *(Sorbus aucuparia)* Hefur verið ræktaður í görðum hérlendis síðan 1820. Við bestu skilyrði hér á landi nær hann 12-16 metrum hæð. Skammlíft tré. Hérlendis tekur hann að feyskjast og deyja upp úr 50-60 ára aldri og fá tré ná mikið yfir 100 árum.[7] Hefur ríka eiginleika til að endurnýja sig.



Reyniviður í garði Guðbjargar í Múlakoti í Fljótshlíð. Fyrst gróðursett í garðinn 1897

## EÐALTRÉ OG LANGLÍF TRÉ, OFT TIGNARLEG Í GÖMLUM GÖRÐUM

**Álmur** *(Ulmus glabra)*
Sjaldgæfur í nýlegum görðum en finnst í mörgum görðum frá fyrri hluta 20. aldar. Álmur þolir seltu sæmilega vel og er ágætlega vindþolinn.[9] Mesti aldur 500 ár.




**Gljávíðir** *(Salix pentandra)*
Hæð 10-12 m en þarf klippingu til að verða tré.
Endurnýjar sig vel



Gljávíðir í garði Hressingaskálans.
Valið borgartré 2012

**Garðahlynur** *(Acer pseudoplatanus)*
Nær viða 8–15 m. hæð.[11] Getur orðið 400–500 ára.



Eitt þekktasta tré í Reykjavík er hlynurinn á horni Vonarstrætis og Suðurgötu, sem var gróðursettur 1918.

## BARRTRÉ

**Sitkagreni** *(Picea sitchensis)*
Kom fyrst frá Noregi upp úr 1930, en 1939 kom fyrsta fræið frá N-Ameríku.[12] Í trjásafninu í Múlakoti má finn fyrstu einstaklingana. Getur náð 4–6 m hæð á 20 árum. Mjög stórvaxið tré, nær að líkindum a.m.k. 40 m hæð hérlendis. Getur orðið 600–700 ára.



Sitkagreni hefur náð miklum þroska hérlendis og telst tæplega garðatré lengur. Var víða gróðursett í görðum upp úr miðri 20. öld.

**Silfurreynir** *(Sorbus intermedia)*
Miðlungsstórt tré, a.m.k. 15 m hér-lendis. Getur orðið 200 ára.



Elsta innflutta tré á Íslandi er silfurreynirinn í Fógetagarðinum (Víkurgarði) í Reykjavík, gróðursettur eftir 1884 af Georg Schierbeck landlæknir.[10]

**Bergfura** *(Pinus uncinata)*
Hæð 10–20 m. Hæsti aldur 255 ár segir á vefsíðum.[13]





**Evrópulerki** *(Larix decidua)*
Stórt tré, a.m.k. 30 m hérlendis. Einstofna, oft kræklótt eða bugðótt, með misbreiða krónu. Nær háum aldri.

Evrópulerkið í Skrúði á Núpi er sennilega frá upphafsárum garðsins eða byrjun 20. aldar. Finnst víða í gömlum görðum, tignarlegt tré með mikinn karakter.

## RUNNAR[14]

Þegar talað er um tré er átt við trjákennda plöntu sem verður 3 m á hæð eða meira, er með einn stofn en greinist síðan í nokkurri hæð frá jörðu og myndar þar greinar sem saman kallast króna. Planta með marga trjákennda stöngla frá jörðu kallast runni.

Elsti runni eða lítið tré í ræktun hér á Íslandi er heggur (Prunus padus) sem hefur verið garðaprýði á Íslandi allt frá fyrstu árum síðustu aldar. Mynd frá byrjun síðustu aldar af Árna Thorsteinsyni við rúmlega mannhæðarháan hegg í garði sínum við Austurstræti (Hressógarðinum).[15]

Berjarunnarnir rifs (Ribes rubrum) og sólber (Ribes nigrum), hafa verið ræktaðir síðan um aldamótin 1900[16] og eru algengir í görðum frá þeim tíma. Stikilsber (Ribes grossularia) er sagt að Árni Thorsteinson hafi flutt inn og gróðursett í garð sinn 1874.[17]
Snjóber (Symphoricarpos albus) mun Árni ennfremur hafa flutt inn á árunum 1894-95 og lætur vel af honum.[18]

Rósir hafa sömuleiðis verið notaðar í görðum frá því í kringum 1900. Þyrnirós (Rosa pimpinellifolia) vex villt á nokkrum stöðum á Íslandi og hefur verið flutt í garða.[19]
Rauðblaðarós (Rosa rubrifolia) var algengur og harðger runni víða um land.

## FJÖLÆRAR PLÖNTUR

Fjölærar blómplöntur búa yfir mikilli fjölbreytni og árstíðabundnum breytileika. Fegurðargildi þeirra er fólgið í margbreytileika blóma og laufblaða. Þær blómstra árlega, vaxa upp að vori og visna yfirleit að hausti. Sumar tegundir eru þó vetrargrænar eða standa fram á vetur í einhverri mynd.[20]

Fjölærar plöntur þrífast um allan heim og er harðgerði þeirra jafn fjölbreytt og þær aðstæður sem þær þrífast í. Það ætti því að vera hægt að finna góðar tegundir fyrir allar aðstæður.[21] Víða erlendis hefur notkun fjölærra plantna í borgarumhverfi færst í vöxt og hefur framboð af harðgerum plöntum sem þurfa ekki mikla umhirðu stóraukist. Besta úrval gamalla fjölæringa er að finna í gömlum kirkjugörðum.[22]

Mikilvægt er að viðhalda og skrá gamar fjölærar garðaplöntur.[23] Við endurgerð gamalla garða þarf að huga að aldurstímabili plantna sem gróðursettar eru að nýju.



**Venusvagn** *(Aconitum napellus)*
Kemur fyrir í plöntulista Tryggva Gunnarssonar frá 1893



**Silfursóley** (*Ranuculus aconitifolius*)



**Regnfang** *(Tanacetum vulgare)*



**Garðabrúða** *(Valeriana officinalis)*

Garðabrúða er ein elsta skrautplanta í görðum á Íslandi. Er nú víða flokkuð sem illgresi í görðum af því að hún fjölgar sér hratt. Var upphaflega ræktuð sem lækningajurt.



**Útlagi** *(Lysimachia punctata)*



**Ætihvönn** *(Angelica archangelica)*

ALGENGIR FJÖLÆRINGAR Í GÖMLUM GÖRÐUM[24]

Mest allur garðagróður okkar er innfluttur og hefur verið reyndur við íslenskar aðstæður hátt á aðra öld. Þær tegundir sem hafa spjarað sig vel hafa verið ræktaðar áfram enda er auðvelt að fjölga flestum. Saga þessa innflutnings má rekja til áhugafólks áður fyrr. Embættismenn og verslunarmenn sem ferðuðust milli landa og höfðu orðið fyrir áhrifum af gróðursæld í nágrannalöndum okkar gengu á undan með góðu fordæmi. Gripu þá með sér bæði tré, runna og fjölæringa á ferðum sínum og einnig fræ af algengum garðagróðri. Ennfremur hafa konur átt drjúgan þátt í gerð garða og umhirðu þeirra.

Mikilvægt er að skrá og varðveita þennan gróður í gömlum görðum sem hluta af menningarsögunni og ekki síður sem erfðaefni í vísindarannsóknum.

Mikilvægt er að finna aðferðir og verkfæri til að varðveita þær án þess að binda skorður við áframhaldandi vöxt og nytja af görðum.

## FASTUR BÚNAÐUR OG MUNIR Í GÖRÐUM

HLEÐSLUR, TRÖPPUR, YFIRBORÐSEFNI, GIRÐINGAR, TJARNIR OG GOSBRUNNAR

Í flestum görðum eldri en 100 ára er að finna minjar sem eigendur garðsins hafa mótað með einum eða öðrum hætti oft að erlendum fyrirmyndum en aðlagað íslensku byggingarefni og byggingahefð. Torf og grjóthleðslur unhverfis elstu heimilisgarða- og kálgarða á bæjarhlaðinu. Fornar hleðsluaðferðir ( klambra, snidda,

strengur o.fl) hafa síðan verið notaðar í seinni tíma garða. Einnig margskonar náttúrulegt efni í grjóthleðslur ( hraunflögur, grágrýti ), tröppur, ýmis yfirborðsefni (möl (t.d. rauðamöl) , hellur ( hraunflögur, grágrýti) . Annar fastur búnaður getur síðan verið tjarnir, girðingar og hlið, steyptir veggir, bekkir og borð og steyptir veggir með sérstakri áferð.

Þegar garður er skoðaður og metinn verður að skrá þessar minjar með innmælingum og lýsingu í orðum og myndum og meta út frá ástandi og upprunaleika, sögulegu gildi og uppruna, hvort um er að ræða upprunalegar einingar í garðinum eða minjar úr sögu garðsins. Þegar um er að ræða upprunalegar minjar (s.s. grjóthleðslur) ber að vernda þær, laga ef þarf en umfram allt halda á upprunalegum stað og færa ekki til innan svæðis.

Lagt er til að allar manngerðar minjar á umræddum svæðum verði mældar, ljósmyndaðar og skrásettar í gagnagrunni, ástandsmetnar og aldursgreindar. Ef farið er í framkvæmdir til að laga það sem miður hefur farið verður að gæta þess að upprunalegur efniviður verði nýttur eins og kostur er.

Samkvæmt núgildandi reglugerðum er gerð krafa um aðgengi fyrir alla. Mikilvægt er að við friðun gamalla garða sé leitast við að skerða sem minnst af upprunalegri ásýnd og útliti svæðisins og reynt eftir fremsta megni að leita aðgengisleiða sem ekki raska þessum eigindum garðsins. Sem dæmi um lausnir má nefna í Lystigarðinum á Akureyri, Hellisgerði í Hafnarfirði og Skrúð í Dýrafirði.

**Eftirfarandi eru dæmi úr görðum sem sýna upphaflegt útlit búnaðar og mótunar í görðum eins og Hallargarðurinn í Reykjavík, Múlakot í Fljótshlíð, Skrúður í Dýrafirði og Alþingisgarðurinn.**

Stéttir í görðum, Steyptar hellur náttúruhellur (hraun) eða óreglulegt mynstur sem hluti af hönnun garðsins.

*Ljósmynd (t.v.)*
*Múlakot, úr myndasafni Sigríðar Hjartar*
*Ljósmynd (t.h.)*
*Hallargarður árið 1955, myndasafn LR*









Hlaðnir steinveggir í þéttri byggð og úti í náttúrunni mynda umgjörð garða. Hlið inn í garða.

*Ljósmynd (t.v.)*
*Skrúður, úr myndasafni EES*
*Ljósmynd (t.h.)*
*Úr Þingholtunum, úr myndasafni LR (Sigfús Eymundsson)*



Bekkir, sæti og annar búnaður til þess að njóta dvalar í görðum.

*Ljósmynd*
*Alþingisgarðurinn árið 1907, úr myndasafni LR, (Magnús Ólafsson)*



*Ljósmynd*
*Múlakot, úr myndasafni Sigríðar Hjartar*

Notkun vatns í tjörnum, lækjum eða gosbrunnum.

*Ljósmynd (t.v.)*
*Lystigarður Akureyrar, úr myndasafni M.Ak (Hallgrímur Einarsson)*

*Ljósmynd (t.h.)*
*Við gosbrunninn í Skrúði, ljósmyndari ók.*





Í nokkrum bókum má fnna gagnlegar upplýsingar um gamla garða má þar nefna *Konur gerðu garðinn* ;um sögu Lystigarðs Akureyrar 1912-2012.[25] *Skrúður á Núpi, dagbækur Sigtryggs Guðlaugssonar 1909-1949.*[26] *Garðurinn Hugmyndir að skipulagi og efnisvali.*[27]

## LJÓSMYNDIR
Ómerktar ljósmyndir fengnar úr einkasöfnum og af veraldarvefnum.

## HEIMILDIR

1. https://yndisgrodur.lbhi.is/
2. https://mork.is/
3. http://www.gardurinn.is
4. Einar E. Sæmundsen. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. 2018 bls. 146.
5. vantar heimild
6. Ingólfur Davíðsson og Ingimar Óskarsson Garðagróður 2.útg.1968, bls.190
7. vantar heimild
8. Rit LbhÍ nr. 64. Ræktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum Samson Bjarnar Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir 2016.
9. http://www.lystigardur.akureyri.is Mesti aldur500 ár (Yrkja)
10. www.visindavefur.is "Hvað heitir elsta tré á Íslandi og hvað er það gamalt?"
11. Samson Bjarnar Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir. Ræktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum. Rit LbhÍ 2016, bls.50
12. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri. Í lundum nýrra skóga. Mbl. 23.des 1956.
13. Yrkju: http://www.yrkja.is/tree_all.php.
14. http://www.gardplontur.is Félag garðplöntuframleiðenda
15. Einar Hlegason Bjarkir, bls.104.
16. Einar Hlegason Bjarkir, bls.114-118.
17. Einar Hlegason Bjarkir, bls.118.
18. Einar Hlegason Bjarkir, bls.124.
19. Einar E. Sæmundsen. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. 2018 bls. 23.
20. Hólmfríður Sigurðardóttir. Garðblómabókin, 2005, bls 11.
21. Magne Bruun Hundre grönne år 1984.
22. Knut Langeland Oldemord stauder I våre hager 1992.
23. Einar Helgas0n
24. http://www.gardplontur.is Félag garðplöntuframleiðenda
25. Ásta Camilla Gylfadóttir. Konur gerður garðinn. Saga Lystigarðs Akureyrar 1912-2012.
26. Skrúður á Núpi, dagbækur Sigtryggs Guðlaugssonar. 1909-1949
27. Auður Sveinsdóttir, Anna Fjóla Gísladóttir og Fríða Björg Edvarðsdóttir. Garðurinn Hugmyndir að skipulagi og efnisvali.

# 6. kafli

## GREINING OG SKRÁNING GAMALLA GARÐA

Friðun / verndun garða þarf að byggja á samræmdri og viðurkenndri aðferðafræði við skráningu þeirra á svipaðan hátt og við framkvæmd húsakönnunar, auk þeirra þátta er taka á lifandi minjum garðsins.

Í 15. gr. laga um menningarminjar er fjallað um skráningu og skil á gögnum til Minjastofnunar.

<u>Með breytingum mætti notast við þá grein varðandi skráningu og meðferð gagna um friðun og verndun garða:</u>

Þar segir m.a. „*Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja.*

*Stofnunin heldur heildarskrár yfir allar þekktar fornleifar, friðuð og friðlýst hús og mannvirki á landinu.*

*Öll gögn sem varða skráningu fornleifa, friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja skulu afhent Minjastofnun Íslands. Skráningarskýrslur skulu afhentar stofnuninni á rafrænu formi. Eintök af skránum skulu afhent hlutaðeigandi skipulagsyfirvöldum á rafrænu formi.*

*Fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands. Stofnunin skal veita skipulagsyfirvöldum, byggingarfulltrúum og náttúruverndaryfirvöldum aðgang að skráningargögnum í vörslu stofnunarinnar.*

*Minjastofnun Íslands setur reglur um skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.*"[1]

Frá fornu fari hafa garðar fengið mörg heiti sem lýsa aðstæðum og notkun þeirra. Hér eru nefnd nokkur þeirra heita sem finna má í rituðum heimildum.

| | |
|---|---|
| GARÐUR | almennt sérheiti –afgirtur staður – varið rými |
| SKRÚÐGARÐUR | almennt samheiti fínni garður |
| HEIMILISGARÐUR | almennt samheiti – vísar til nytsemdar |
| TRJÁGARÐUR | almennt einkenni trjágróður gamals garðs |
| EINBÝLISGARÐUR | lýsir búsetu við garð |
| EINKAGARÐUR | lýsir búsetu við garð |
| FJÖLBÝLISGARÐUR | lýsir búsetu við garð |
| RAÐHÚSAGRÐUR | lýsir búsetu við garð |
| KÁLGARÐUR | sérstakur garður eða hluti garðs gamall |
| MATJURTAGARÐUR | sérstakur garður eða hluti garðs gamall |
| KARTÖFLUGARÐUR | sérstakur garður eða hluti garðs gamall |
| BLÓMAGARÐUR | sérstakur garður eða hluti garðs gamall |

Garðar eða svæði til fjölnota, oft samsett heiti vegna ýmis konar notkunar t.d.

| | |
|---|---|
| LYSTIGARÐUR | garður til að njóta lífsins |
| SKEMMTIGARÐUR | garður til að njóta lífsins samsettur til ýmissa nota |
| ALMENNINGSGARÐUR | leikir og dvöl |
| SKRAUTGARÐUR | garður til að njóta lífsins samsettur til ýmissa nota<br>(neikvæð meining) |
| FJÖLSKYLDUGARÐUR | garður til að njóta lífsins samsettur til ýmissa nota<br>sérstaklega fyrir fjölskylduafþreyingu |
| URTAGARÐUR | gamalt orðfæri – bókmenntalegt<br>bæði gamalt og nýtt orð – gamalt ræktunarreitur |
| GRASAGAÐUR | nútímalegt heiti á Botaniskum garð – safngarði. |

Við skráningu og mat á görðum er einnig mikilvægt að gæta samræmis í flokkun þeirra og því er æskilegt að móta flokkunarkerfi fyrir þær gerðir garða sem á að skrá.

Eftirfarandi eru tvö dæmi um flokkunarkerfi:

**1.**
G1 – heimilisgarður eða garður til einkanota
G1 E – einbýlisgarður
G1 S – sambýlisgarður
G1 F – fjölbýlisgarður

G2 –garður til almenningsnota
G2 A – almenningsgarður (stærðarskilgreining (fjarlægð frá íbúð) – innihald – staðsetning fjarlægðar frá íbúð)
G2 S skemmtigarður (stærðarskilgreining (fjarlægð frá íbúð) – afþreying – viðskiptalegur rekstur –

**2.**
Jón H. Björnsson landslagsarkitekt kom sér upp sér upp skráninga og flokkunarkerfi fyrir sín verk.
Kerfið má sjá á heimasíðu Gróðrarstöðvarinnar Alaska. http://alaska.is/

L1 – einbýlishússlóð
L2 – raðhúslóð
L3 – fjölbýlishúsgarður (lóð)
L4 – almenningsgarður
L5 – útivistarsvæði nær
L6 – útivistarsvæði fjær
L7 – skóla/leikskólalóð
L8 – stofnanir og annað
L9 – lóð við atvinnuhúsnæði
L10 – annað óskráð

EFTIRFARANDI ATRIÐI ÞARF AÐ HAFA Í HUGA VIÐ MAT Á ÁSTANDI OG UPPRUNALEIKA GARÐSINS

**Heimildasöfnun**
Gömul og ný kort, gamlar loftljósmyndir, ljósmyndir, byggðasögur – munnlegar upplýsingar o.fl.

**Staðarskoðun**
Lögun lands, afmörkun svæðis, skráning á gróðri og mat á ástandi hans og aldri auk annara þátta í garðinum. Gamlar hleðslur, kantar, stígar , yfirborðsefni.

**Uppmæling á garði**
Lagt er til að allar manngerðar minjar á umræddum svæðum verði mældar, ljósmyndaðar og skrásettar í gagnagrunni, ástandsmetnar og aldursgreindar.

**Mat á verndargildi**
Meta þarf upprunaleika, sögulegt gildi, hvort um er að ræða upprunalegar einingar í garðinum eða minjar úr sögu garðsins. Þegar um er að ræða upprunalegar minjar (s.s. grjóthleðslur) ber að vernda þær, laga ef þarf en umfram allt halda á upprunalegum stað og færa ekki til innan svæðis. Gróðurnotkun svo sem aldur, endurnýjun, tegundaval o.fl.

Til samræmingar á  skráningu verndargildis er hér gerð tillaga að skráningarblaði.
Til hliðsjónar var haft eyðublað Húsakönnunar ( Minjastofnun) auk leiðbeininga frá “Kulturstyrelsen” í Danmörku.
Mikilvægt er það  fáist reynsla á notkun þess sem fyrst þannig  að hægt sé að endurskoða það og aðlaga  að vandaðri og aðgengilegri skráningu.

**TILLAGA AÐ SKRÁNINGARBLAÐI**
**SKRÁNINGARBLAÐ - GARÐAR / GRÆNAR FRIÐAÐAR MINJAR**

<table>
<tr><td colspan="2">HEITI STAÐAR<br><br>KORT AF SVEITARFÉLAGI ÞAR<br>SEM STAÐUR ER SÝNDUR NÁNAR</td></tr>
<tr><td colspan="2">KORT AF ÍSLANDI, MERKJA INN STAÐINN</td></tr>
<tr><td colspan="2">SVEITARFÉLAG<br>Staður (kort, gps-punktar, stærð, skilgreining í skipulagi)<br>TEGUND SVÆÐIS<br>EIGNARHALD<br>UMSJÓNARAÐILI</td></tr>
<tr><td>SAGAN</td><td>Upphaf (stofnendur, byggingarár, þáverandi notkun)<br>Breytingaferlar<br>Myndir og uppdrættir (gamlir)</td></tr>
<tr><td>NÚVERANDI ÁSTAND</td><td>Notkun<br>Ástand svæðis (stígar, hleðslur, girðingar, hlið, tjarnir, lýsing, garðgögn, skilti og allur gróður t.d. (tré, runnar, fjölæringar, gras)<br>Myndir og uppdrættir sem sýna núverandi ástand</td></tr>
<tr><td>MAT Á VARÐVEISLUGILDI</td><td>Menningarverðmæti (kennileiti garðs/rýmis, staða rýmis meðal almennings, varðveisla frá uppruna garðsins, saga og samfélag)<br>Umhverfisgæði (t.d. almenningsgarður, einkalóð, opinbert svæði)<br>Byggingarsögulegt verðmæti (tenging garðrýmis við nærliggjandi byggingar, (arkitektúr, landslagsarkitektúr o.fl.)<br>Landslagsgildi svæðis<br>Listrænt gildi svæðis</td></tr>
<tr><td>HEILDARVARÐVEISLUGILDI SVÆÐIS</td><td>Punktar úr kaflanum hér að ofan dregnir saman</td></tr>
<tr><td>TILLAGA AÐ VERNDAR- OG UMHIRÐUÁÆTLUN</td><td>Það sem þarf að lagfæra og endurbæta á svæðinu<br>Þau svæði sem þarfnast endurbóta merkt inn á kort</td></tr>
</table>

Gátlisti fyrir mat á **varðveislugildi** á eyðublaði:

- Rökstuðningur
  - Almenn lýsing á svæðinu, staðsetning, nánasta umhverfi.
  - Sérstök og mikilvæg einkenni
- Heildareinkenni
  - T.d. einstakir byggingarþættir í uppbyggingu garðsins, yfirborðsefni, hæðarlega og frágangur á hæðarmismun, hleðslur, veggir, tröppur og efnisval.
- Ytri afmörkun, girðingar, limgerði eða aðrar útveggjahliðar
- Staður í landslagi, staður í byggð eða bæ
- Ásigkomulag, þ.e. ástand gróðurs, aldur, tegundaval og staðsetning
- Umhverfisgildi
  - Tengingar við aðliggjandi svæði, byggingar eða önnur mannvirki.
  - Sérstök lega í landslagi.
  - Upplifun, sjaldgæfni.
- Menningarsögulegt gildi
- Einkennandi og/eða táknrænt fyrir sérstakt tímabil.
  - Aldur og saga svæðisins.
  - Upphaf.
  - Frumkvöðlar.
  - Aðferðir við gerð garðs/svæðis.
  - Fræðslu- og rannsóknargildi.
- Byggingarlistarlegt og listrænt gildi
  - Fagurfræði – hönnun – uppbygging – stefnur
  - Tengingar við strauma og stefnur erlendis frá.
  - Rýmismyndun.
  - Sterk grunnhugmynd.
  - Mótun landslags.
- Heildarvarðveislugildi garðs/rými

**SÝNISHORN AF ÚTFYLLTU SKRÁNINGARBLAÐI FYRIR ALÞINGISGARÐINN**

ALÞINGISHÚSIÐ

KORT AF SVEITARFÉLAGI ÞAR
SEM STAÐUR ER SÝNDUR NÁNAR

KORT AF ÍSLANDI, MERKJA INN STAÐINN

REYKJAVÍK

FRIÐAÐ
Friðaður í A-flokki af menntamálaráðherra 14. desember 1973 samkvæmt 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.

BYGGINGAREFNI
Hlaðið steinhús reist 1880–1881. Hönnuður Ferdinand Meldahl arkitekt. Viðbygging, Kringlan, reist 1909.
Hönnuður Frederik Kiørboe arkitekt.

SKILGREINING Í SKIPULAGI
Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er garðurinn ekki skilgreindur sérstaklega.

TEGUND SVÆÐIS
Almenningsgarður

EIGNARHALD
Alþingi

UMSJÓNARAÐILI:
Skrifstofa Alþingis

BYGGINGARÁR/UPPHAFSÁR
1893 – 94

SAGAN[3]

Undirbúningur að gerð Alþingisgarðsins hófst með skemmtilegri umræðu á Alþingi í ágúst 1893 skömmu fyrir þingslit. Þann dag breyttist hið háa alþingi í málfund um garðaskipulag, garðyrkju og jarðvegsframkvæmdir. Öll þessi umræða er skjalfest í Alþingistíðindum frá þessum tíma. Þjóðin var þá mjög móttækilegt fyrir nýjum menningarstraumum og vildi taka rækilega til í umhverfi sínu. Alþingi samþykkti að gera garðinn og hófust framkvæmdir strax haustið 1893 undir stjórn Tryggva Gunnarssonar, athafna- og stjórnmálamanns. Þær stóðu fram eftir næsta ári og var að mestu lokið haustið 1894. Umræðan í þinginu og með þjóðinni allri mótaðist af sjálfstæðisbaráttunni og þjóðlegum metnaði.
Þróun og breytingar á garði: Alþingisgarðurinn hefur haldið upprunalegu formi sínu svo til óbreyttu allt til samtímans og hefur alltaf verið í góðri umhirðu. Ýmsar lítilsháttar endurbætur og breytingar hafa verið gerðar á garðinum í gegn um tíðina, síðast árið 1993, án þess þó að grundvallarformum garðsins hafi verið hnikað. Fyrstu breytingarnar hafa líklega orðið stuttu eftir að Kringlan reis í garðinum 1908–1909. Á fjórða áratugnum 1930-40 voru gerðar breytingar í garðinum og voru þá meðal annars settir hraunkantsteinar við beðin, fjölærar plöntur fjarlægðar úr innri hring garðsins.
Tré og runnagróður s.s. alaskayllir, alaskaösp og sitkagreni o.fl., gróðursett í staðinn en það var líklega gert stuttu eftir 1950.

| | |
|---|---|
| NÚVERANDI ÁSTAND | **Stílbragð garðsins nú:** Alþingisgarðurinn hefur haldið upprunalegu formi sínu svo<br>til óbreyttu allt til dagsins í dag og hefur alltaf verið í góðri umhirðu. Fremstu garðyrkjumenn landsins á hverjum tíma sáu um viðhald garðsins og lagði Alþingi metnað sinn í að garðurinn væri til prýði.<br>**Notkun:** Garðurinn er oft kallaður leyndarmál Kvosarinnar. Í tímans rás hefur garðurinn ekki verið í alfaraleið. Eftir byggingu Skálans um síðustu aldamót var hann opnaður í suðvesturhorni og þar með komin gönguleið frá innganginum við Templarasund. Þótt fleiri leggi leið sína um garðinn nú en áður er hann í góðu ástandi.<br>**Gróður í garðinum:** Efniviði í garðinn safnaði Tryggvi Gunnarsson víðs vegar af landinu, meðal annars björk og víði úr Fnjóskadal og reyni sem kominn var af frægum trjám frænda hans í Skriðu í Hörgárdal. Hann keypti fræ meðal annars af Árna Thorsteinssyni og trjáplöntur af Schierbeck landlækni. Einar Helgason garðyrkjumaður sem vann í garðinum framkvæmdaárið 1893 safnaði að sér íslenskum plöntum úr Reykjavík og nágrenni, þar á meðal reyniviði og birki úr hrauninu í Hafnarfirði. Árið 1895 þegar Einar var í garðyrkjuskólanum í Vilvorde við Kaupmannahöfn keypti hann þó nokkuð af plöntum fyrir garðinn.<br>**Merkisverð tré:** Mjög fáar þeirra plantna sem upphaflega voru gróðursettar í garðinum eru þar enn. Flest trjánna voru reynir eða birki, en líftími þeirra er ekki nema 80–100 ár í Reykjavík.<br>**Merkisverðir runnar:** Upprunalegar plöntur eru að líkindum fyrst og fremst stór gráreynir, heggur og kannski fáeinir rifsrunnar og venusvagn sem þar er að finna. Allar aðrar plöntur hafa verið gróðursettar eftir 1917 þegar Tryggvi féll frá. Margar þeirra plantna sem uxu í Alþingisgarðinum lifa áfram í þeim fjölmörgu afkvæmum sem finna má í görðum í Reykjavík. Má þar nefna áðurnefndan gráreyni og hinn svokallaða þingvíði sem varð algengur um allt land á fyrrihluta 20. aldar<br>**Merkisverðir fjölæringar:** Fjölæru plönturnar hafa flestar þurft að víkja með breyttum smekk og auknum kröfum til viðhalds.<br>**Merkisverðar manngerðar einingar:** Samkvæmt ljósmyndum er ljóst að upphaflega voru sérsmíðaðir garðbekkir báðum megin við hringinn sem einkennir garðinn. Nú eru þar hefðbundnir garðbekkir.<br>Tryggvi tók svo miklu ástfóstri við garðinn að hann óskaði eftir því að fá leg í garðinum að sér látnum. Öll tilskilin leyfi fengust til þess að koma til móts við óskir hans og er hann grafinn nærri suðurhlið garðsins miðri í einskonar steinhæðarbeði. Yfir honum er minnisvarði eftir Ríkarð Jónsson myndhöggvara. |
| MAT Á VARÐVEISLUGILDI | **Mikilvæg einkenni garðs:** Þegar uppdrátturinn er borinn saman við garðinn eins og hann er nú má ljóst vera að garðurinn er lítið breyttur frá upphafi. Hann markar tímamót í íslenskri garðasögu þar sem hann var fyrsti garðurinn sem var hannaður áður en framkvæmdir við hann hófust<br>**Menningarverðmæti:** Garðarnir við Alþingishúsið, Skrúður í Dýrafirði og Lystigarður Akureyrar endurspegla tíma mikilla umbrota í íslensku þjóðfélagi. Garðarnir eru verk aldamótakynslóðarinnar sem óx upp með sjálfstæðisvakningu og tiltrú á að nýir tímar á nýrri öld færðu þjóðinni tækifæri, og þá trú á að hún gæti lært og mótað eigin umhverfi. Þessir garðar mynda því eina hugmyndafræðilega og sögulega heild.<br>**Listrænt gildi svæðis:** Byggingarsögulegt verðmæti (tenging við byggingu (arkitektúr, landslagsarkitektúr o.fl.) Upphafleg girðingin umhverfis garðinn hliðin að Templarasundi er sýnileg og mótuð í svipuðum stíl og Alþingishúsið. Hið strangmótaða garðrými, hringur í miðju með stíga díagónalt horn í horn hefur haldist óbreytt á aðra öld.<br><br>**Umhverfisgæði:** Hefur haft á aðra öld verið andrými í miðri borg. Var vel varin fyrstu eitthundrað árin. En með byggingu Skálans við Alþingshúsið var garðurinn opnaður frekar. Gestir garðsins bera þá virðing fyrir umhverfinu að hann hefur ekki mikið látið ásjá. Það líður þó senn að því að hann þurfi gagngerar endurbætir. |

| | |
|---|---|
| | **Varðveislugildi:** Garðurinn við Alþingishúsið er einstaklega vel varðveitt svæði. Garðurinn er á mikilvægum stað í borginni, afmarkað rými til íhugunar og náttúruskoðunar en þó afar aðgengilegt öllum sem í Kvosina koma. Gerður eftir uppdrætti sem sagði til um form garð og val á gróðri í upphafi. |
| HEILDARVARÐVEISLUGILDI SVÆÐIS | „Alþingisgarðurinn er elsti og best varðveitti almenningsgarður við opinbera byggingu á Íslandi. Hann markar tímamót í íslenskri garðsögu þar sem hann er fyrsti garðurinn sem var hannaður áður en framkvæmdir við hann hófust. Alþingisgarðurinn hefur haldið upprunalegu formi sínu svo til óbreyttu allt til dagsins í dag og hefur alltaf verið í góðri umhirðu. Minni háttar breytingar og endurbætur sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina hafa ekki snert grundvallarform garðsins.“[4] |
| TILLAGA AÐ VERNDAR- OG UMHIRÐUÁÆTLUN | Nú er ljóst að komið er að tímamótum, því að of lengi hefur dregist að gera á honum endurbætur og setja um hann viðhaldsáætlun. Ástand svæðis hefur látið á sjá þó árlega sé hlúð að garðinum. Stígar eru niður slitnir, hleðsla umhverfis grafarhól Tryggva hefur aflagast. Eins þarf að yfirfara allan gróður (tré, runnar, fjölæringar, gras).<br><br>Augljóst er að með byggingu Skálans hefur orðið rask á ytri aðstæðum við garðinn. Auk Skálabyggingarinnar sem reis vestan við garðinn þá var grafið fyrir bílageymslu sem er neðanjarðar sunnan við garðinn. Hugsanlegt er að þessar framkvæmdir hafi raskað jarðvatnsstöðu í garðinum – og ef til vill orsakað sig í honum. Þetta þarf að rannsaka frekar.<br><br>Núverandi umsjónarmaður garðsins, Karl Guðjónsson landslagsarkitekt, lagði fram úrbótaskýrslu í mars 2017. Hún er til skoðunar á skrifstofu Alþingis.<br>Karl hefur gert góða greiningu á tegundum og samsetningu gróðurs og leggur til að fara þurfi í gagngerar endurbætur á garðinum. Verður Viðaukaskjal sem sýnishorn.<br>Karl veltir því fyrir sér hvort yfirbragð garðsins ætti að færa meira í átt til upprunalegs útlits – leggja meiri áherslu á fjölæringa og minni á tré og runna. Slíkar breytingar eru ekki einfalt mál, og meðal annars þarf að muna að í upphafi var ekki um auðugan garð að gresja við val trjám og ekki fyrir hendi mikil þekking á því hvað gat vaxið og þrifist. Á plöntulista sem Tryggvi hefur skráð á garðkort má sjá **(bls.xx)** að hann sá fyrir sér bæði furu, greni auk birkis og reyniviðar, fjölda runna og blóm.<br>Fyrirhugaðar lagfæringar og endurbætur á svæðinu þarf að skrá vel áður en hafist er handa.<br>Skrásetjari merkir inn á yfirlitskort þau svæði sem þarfnast endurbóta. Úrbóta-tillaga verði síðan rædd ýtarlega við umsjónarmenn garðsins.<br>Vonandi fæst fjármagn til að gera úrbætur á garðinum samkvæmt góðri verkáætlun. Um leið þarf að móta viðhaldsáætlun sem tekur mið af framtíðarvernd og þróun garðsins.[5] |

## HEIMILDIR


1. Lög nr. 80. 2012.um menningarminjar
2. Minjastofnun Íslands. Friðlýst hús og mannvirki Heimasíða 2018
3. Einar E.Sæmundsen Alþingishúsgarðurinn Landnám Ingólfs – Nýtt safn til sögu þess V.bindi 1996
4. Tillaga til friðlýsingar Alþingisgarðsins – Garðar- lifanidi minjar apríl 2018.
5. Karl Guðjónsson. Alþingisgarðurinn og lóð Alþingis - Hugleiðingar til úrbóta | 30.03. 2017 (sjá viðauka)

# 7. kafli

## TILLÖGUR AÐ FRIÐLÝSINGU TÍU MERKRA ÍSLENSKRA GARÐA

Samtals er lagt til að 10 garðar verði friðlýstir.
Rökstuðningur með friðlýsingartillögum, byggt á greinargerð Garðsöguhóps FÍLA frá desember 2014.
Lokadrög eru unnin í samvinnu við Pétur H. Ármannsson á Minjastofnun og kynnt á málstofunni í Norræna húsinu 26. apríl 2018. Hér er ennfremur fjallað um tvo garða sem nýlega voru friðlýstir, garðinn í Múlakoti og Frúargarðinn á Hvanneyri.




Helstu garðar á Íslandi utan höfuðborgarsvæðisins.




Garðar á höfuðborgarsvæðinu sem lagt er til að friðlýstir verði

## SKRIÐA Í HÖRGÁRDAL, 1820–1830

Garðurinn á Skriðu í Hörgárdal telst vera elsti núverandi trjágarður við heimili á Íslandi. Þorlákur Hallgrímsson og synir hans, Björn og Jón Kjærnested, gróðursettu í hann um 1825. Ilmreynir sem enn er í garðinum er talinn eitt elsta gróðursetta tré á Íslandi. Garðminjarnar á Skriðu koma heim og saman við samtímafrásögn í dagbókarfærslu Jónasar Hallgrímssonar frá 10. júlí 1839[1] þar sem hann lýsir skoðunarferð í garðinn í fylgd Þorláks og nefnir meðal annars hlaðinn grjótgarð umhverfis gamlan kálgarð. Reyniviðurinn í Skriðugarði hefur líklegast endurnýjast nokkrum sinnum síðan trén voru gróðursett. Í dagbók sinni segir Jónas að reynitrén á Skriðu séu sprottin af hinni kunnu Möðrufellshríslu, „meiðnum helga“, sem var ævagamall sjálfsprottinn reynir í Möðrufellshrauni innst í Eyjafirði. Þjóðsögur tengjast reyninum á Möðrufelli, og sagt er að Jón Arason biskup hafi oft heimsótt hann í bernsku.



*Skriða í Hörgárdal. Ljósmynd EES*

## HÓLAVALLAGARÐUR Í REYKJAVÍK, 1838

Hólavallagarður endurspeglar á einstakan hátt skipulagssögu og uppbyggingu kirkjugarða á 19. og 20. öld. Byrjað var að grafa í garðinum árið 1838 og var skipulag Víkurgarðs þá haft að fyrirmynd. Síðar breyttist skipulag grafa og götur mynduðust milli grafaraða. Um það bil sem kirkjugarðurinn var fullnýttur var kominn nútímabragur á nýrri hluta hans. Önnur meginrök fyrir því að friðlýsa garðinn eru þau að í honum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi. Þau gefa gott yfirlit um þróun stílbrigða og handbragðs á rúmlega 170 ára tímabili. Einstök minnismerki eru auk þess mikilvæg sem fágæt sýnishorn handverks í evrópsku samhengi (járnkrossar og girðingar). Í garðinum er auk þess að finna fjölbreyttan gróður. Í eldri hluta garðsins eru trjátegundir sem eiga rætur sínar í tilraunum frá árunum milli stríða. Í öðrum hluta má sjá einkennandi gróður eftirstríðsáranna. Auk þess er í garðinum fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur að rekja til heimilisgarða á síðustu öld.



*Hólavallagarður. Ljósmynd EES*

## ALÞINGISGARÐURINN, 1893–95



Alþingisgarðurinn er elsti og best varðveitti almenningsgarður við opinbera byggingu á Íslandi. Hann markar tímamót í íslenskri garðsögu þar sem hann er fyrsti garðurinn sem var hannaður áður en framkvæmdir við hann hófust. Varðveitt er vinnuteikning eftir Tryggva Gunnarsson þar sem hann sýnir hvar hinar ýmsu plöntutegundir eru staðsettar.[2] Alþingi samþykkti gerð garðsins árið 1983 og hófust framkvæmdir þá um haustið. Var þeim að mestu lokið ári síðar. Tryggvi stóð fyrir verkinu en hann hafði áður haft umsjón með smíði Ölfusárbrúar og komið að byggingu Alþingishússins. Eftir að stjórnmálastörfum lauk sá Tryggvi um hirðingu garðsins allt til dauðadags árið 1917. Lík Tryggva var jarðsett í garðinum að hans ósk og er á leiðinu minnisvarði eftir Ríkarð Jónsson myndhöggvara. Alþingisgarðurinn hefur haldið upprunalegu formi sínu svo til óbreyttu allt til dagsins í dag og hefur alltaf verið í góðri umhirðu. Minni háttar breytingar og endurbætur gegnum tíðina hafa ekki snert grundvallarform garðsins.

## SKRÚÐUR Á NÚPI Í DÝRAFIRÐI, 1909



*Skrúður. Ljósmynd: Luigi Latini*

Skrúður er einstakt framtak og hugarsmíð séra Sigtryggs Guðlaugssonar sem síðar naut dyggrar aðstoðar konu sinnar, Hjaltlínu M. Guðjónsdóttur. Garðurinn er í landi kirkjustaðarins og þáverandi héraðsskólaseturs á Núpi í Dýrafirði þar sem séra Sigtryggur var skólastjóri. Skrúður á sér merkilega sögu, og er meðal annars fyrsti íslenski kennslugarðurinn, löngu áður en slíkar hugmyndir skutu hér almennt rótum. Vinna við gerð garðsins hófst árið 1905 og fyrstu trén voru gróðursett árið 1908.[3]
Fram til ársins 1914 gróðursetti Sigtryggur ásamt nemendum sínum fimmtíu reynitré og var hvert og eitt tré merkt þeim nemanda sem gróðursetti. Auk trjágróðurs og skrautrunna var garðinum ræktað margs konar grænmeti. Formföst uppbygging garðsins með miðlægum ásum þvers og langs minnir á nýklassíska „franska“ garða í Evrópu frá 16. og 17. öld. Auk gróðursins eru í Skrúði ýmis merk mannvirki, hlaðnir steinveggir, garðhlið úr hvalbeini, gosbrunnur og gróðurhús.  Garðurinn er nú í umsjón og eigu Ísafjarðarbæjar. Árið 2013 hlaut Skrúður virt alþjóðleg verðlaun, International Carlo Scarpa Prize for Gardens, sem ítölsk stofnun, Fondazione Benetton Studi Ricerche, veitir árlega. Stofnunin stóð fyrir útgáfu bókar um Skrúð í tilefni verðlaunaveitingarinnar.

## LYSTIGARÐUR AKUREYRAR, ELSTI HLUTINN, 1912

Lystigarður Akureyrar er á svonefndri suðurbrekku sunnan við aðalbyggingu Menntaskólans á Akureyri. Gerð hans hófst árið 1909 og var hann byggður í áföngum. Garðurinn er afrek akureyskra kvenna sem voru í fararbroddi um mótun hans frá fyrstu tíð. Framfarahugur aldamótaáranna endurspeglast í gerð hans og þeirri hugsjón að skapa í þéttbýli fyrirmyndarumhverfi sem almenningur gæti notið og lært af.[4] Elsti hluti garðsins liggur í halla og er mótun lands áberandi þáttur í ásýnd hans, auk gróðursins. Garðurinn var felldur inn í landið eins og það var, hvammar mótaðir í lægðum og vatnsrásum sem fyrir voru. Garðurinn einkennist af vöxtulegum trjágróðri sem umlykur göngustíga, grasflatir og lítið tjarnarsvæði. Elsti hlutinn hefur varðveist vel og er lagt til að friðlýsingin taki til þess hluta. Garðurinn var stækkaður árið 1944 til vesturs og árið 1955 til suðurs, þar sem nú er kjarni grasagarðsins. Þannig hefur garðurinn þróast og breyst í takt við aðstæður á hverjum tíma.



*Lystigarður Akureyrar. Ljósmynd úr myndasafni M.Ak (Hallgrímur Einarsson)*

## SKALLAGRÍMSGARÐUR Í BORGARNESI, 1930

Skallagrímsgarður hefur sett svip á miðbæinn í Borgarnesi frá því um 1930 og er eitt af helstu kennileitum staðarins. Kröftugur trjágróður umlykur grasflatir sem halla til norðurs í átt til sjávar. Göngustígar liggja með jöðrum garðsins umhverfis grasflatir undir miklu laufþaki hávaxinna trjáa. Allt frá stofnun kvenfélags í Borgarnesi 1927 var mikill áhugi á að koma þar upp skrúðgarði – „Íbúum staðarins til yndis-auka jafnt í nútímanum sem og um ókomna tíð,“ eins og segir í fundargerðabók kvenfélagsins. Kvenfélagið, ungmennafélagið og Borgarneshreppur keyptu Skallagrímsgarð árið 1930 og greiddu þessir aðilar fyrir hann 900 krónur. Fyrst var gróðursett í garðinn sumarið 1931 og var þá plantað 38 silfurreyniviðum, 25 reyniviðum, 69 ilmbjörkum, 2 blóðrifsrunnum, 4 fjallrifsrunnum og 3 strandfurum auk 80 birkiplantna úr Hreðavatnsskógi. Garðurinn er verðugur fulltrúi kvenfélagsgarðanna á Íslandi frá milli-stríðsárunum.[6] Landslag Borgarnes mótar lögun Skallagrímsgarðs, hann er í lægð milli klapparholtanna sem einkenna ásýnd bæjarins. Eins og í öðrum gömlum görðum hafa verið gerðar á Skallagrímsgarði breytingar til að laga hann að aðstæðum í umhverfinu. Garðurinn setur svipmót á miðbæ Borgarness.



*Skallagrímsgarður Ljósmynd: Friðrik Þorvaldsson*

## HELLISGERÐI Í HAFNARFIRÐI, 1922



*Hellisgerði. Ljósmynd: Sveinn Þormóðsson*

Hellisgerði hefur fágætisgildi á heimsvísu sem almenningsgarður á norðlægum slóðum vaxinn upp úr fjölbreyttu hraunlagslagi, sem er helsta sérkenni bæjarstæðis Hafnarfjarðar. Botninn í garðinum er mishæðóttur með djúpum hraunbollum og háum hólum. Garðurinn var frá fyrstu tíð mótaður eftir sérkennum landsins þar sem bollar í hrauninu voru „innréttaðir“ sem dvalar- og samkomustaðir bæjarbúa. Undirbúningur að stofnun Hellisgerðis hófst árið 1922 að frumkvæði málfundafélagsins Magna. Markmiðið með gerð garðsins var þríþætt: Að vera ánægju- og hvíldarstaður bæjarbúa í tómstundum, að vekja áhuga bæjarbúa á trjárækt, og síðast en ekki síst að varðveita hið úfna og sérkennilega landslag Hafnarfjarðarhrauns fyrir komandi kynslóðir. Því hefur verið haldið fram að Hellisgerði sé einn fyrsti landslagsgarður á Íslandi þar sem notkun og mótun svæðisins er felld fullkomlega að umhverfinu.[5]

## HALLARGARÐURINN VIÐ FRÍKIRKJUVEG, 1954



*Hallargarðurinn. Ljósmynd: Sigurhans Vignir*

Hallargarðurinn við Fríkirkjuveg í Reykjavík er fyrsti almenningsgarður á Íslandi sem skipulagður er í anda módernisma eftirstríðsáranna með áherslum á ávalar línur og lífræn náttúruform. Garðurinn var fyrsta stóra verkefni Jóns H. Björnssonar, fyrsta íslenska landslags-arkitektsins, eftir að hann kom frá námi í Bandaríkjunum árið 1952. Varðveislugildi garðsins felst meðal annars í því hve vel hann sýnir frumkvöðulsstarf Jóns og höfundareinkenni. Nafn garðsins er dregið af Bindindishöllinni sem á sínum tíma var heiti hússins á Fríkirkjuvegi 11.[7] Garðurinn var tekinn í notkun 18. ágúst 1954 og vakti tjörn með gosbrunni sérstaka athygli. Hún varð mjög vinsæl hjá börnum sem heimsóttu garðinn á góðum sumardögum. Með tímanum fór tjörnin þó að leka og var á endanum fjarlægð. Stígar í garðinum liggja í bugðum á þann hátt að stöðugt birtast ný sjónarhorn þegar eftir þeim er gengið. Hallargarðurinn hefur haldið mikilvægustu einkennum sínum en nokkur veigamikil atriði eru þó horfin, svo sem steinhæð með plöntum og tjörnin með gosbrunninum sem var eins konar þungamiðja garðsins. Æskilegt er að endurbyggja þessi mannvirki sem lið í varðveislu garðsins.

## GRAFREITUR Í GUFUNESI, 1970[8]

Á sjöunda áratug 20. aldar komu í ljós leifar af gömlum kirkjugarði þegar grafið var fyrir nýrri skemmu á lóð Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Ákveðið var að flytja beinin og grafa í lítinn, vígðan reit sem mótaður var skammt frá fundarstaðnum. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt var fenginn til þess að hanna grafreitinn. Hugmynd hans sækir innblástur í forna íslenska kirkjugarðahefð. Veggur úr torfi og grjóti myndar hringlaga gerði umhverfis reitinn en tré vaxa í miðju. Mannvirkið og trjágróðurinn mynda látlaust en áhrifamikið form í landslaginu. Með lokaverkefni sínu um Skálholtsstað frá árinu 1961 varð Reynir Vilhjálmsson frumkvöðull við að útfæra og endurskapa eftir fyrirmyndum úr fornri íslenskri byggingarhefð, og gerði hlaðna veggi, traðir og túngarða að veigamiklum þáttum í nútímalegri landslagshönnun. Grafreiturinn í Gufunesi er lítt þekkt en mjög gott dæmi um hönnun Reynis í þessum anda.



*Grafreitur í Gufunesi. Ljósmynd: Þráinn Hauksson*

## LÓÐ ÞJÓÐABÓKHLÖÐUNNAR, 1990[9]

Á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar vann Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt með mörgum helstu arkitektum landsins að hönnun lóða við einkaheimili og opinberar stofnanir. Það einkennir þessi verk er hversu vel bygging og lóð styðja hvort annað og mynda eina órofa heild, jafnt í efnisnotkun og rýmis-skipan. Þakka má skilningi Reynis á listrænum einkennum hverrar byggingar hversu vel tókst til með heilsteypta mótun umhverfis í þessum verkum. Eitt kunnasta og best varðveitta dæmi um slíkt verkefni er lóð Þjóðarbókhlöðunnar í Reykjavík, sem Reynir hannaði í samvinnu við arkitekta hússins, Manfreð Vilhjálmsson og Þorvald S. Þorvaldsson. Einkennandi eru hlaðnir grjótgarðar umhverfis bókhlöðuna, sem vísa í forna íslenska byggingarhefð og þjóna jafnframt þeim tilgangi að draga úr sýnilegu umfangi byggingarinnar í umhverfinu. Opin svæði beggja vegna eru tengd lóðinni með beinum og óbeinum hætti sem hluti af stærri rýmisheild.



*Þjóðarbókhlaðan. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson*

## MÚLAKOT Í FLJÓTSHLÍÐ[10]



*Í Guðbjargargarði í Múlakoti. Ljósmynd úr safni Sigríðar Hjartar*

Forsætisráðherra friðlýsti Múlakot 28. maí 2014 með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin tekur til staðarins í heild innan afmarkaðs svæðis, gamla íbúðar- og gistihússins og annarra uppistandandi staðarhúsa, rústa útihúsa og annarra fornminja garðsins framan við húsið og lystihússins í garðinum.

Byggingar í Múlakoti, rústir útihúsa, garðurinn framan við húsin og lysthúsið mynda eina, órofa minjaheild sem mikilvægt er að verði varðveitt til komandi kynslóða. Bæjarhúsin voru reist í áföngum á árunum 1898 til 1946 á rústum torfbæjar sem enn má sjá í kjallara undir húsinu. Hlutar hússins frá ólíkum tímaskeiðum hafa varðveist í nánast upprunalegri mynd og vitna um samfellda búsetusögu margra kynslóða. Múlakot hefur sérstakt menningarsögulegt gildi sem einn elsti gisti- og greiðasölustaður héraðsins, sem jafnframt var sveitaheimili og aðsetur listamannsins Ólafs Túbals. Staðurinn hefur sérstaka tengingu við íslenska listasögu en nokkrir af helstu myndlistarmönnum þjóðarinnar dvöldust þar og máluðu þjóðkunn málverk af staðnum og umhverfi hans. Loks er hann einn elsti og merkasti einkagarður landsins. Hér að neðan má sjá mynd frá árinu 1897 úr garði Guðbjargar Þorleifsdóttur.

## FRÚARGARÐURINN Á HVANNEYRI[11]



*Frúargarðurinn á Hvanneyri. Ljósmynd: Guðrún Jónsdóttir*

Á Hvanneyri er að finna Frúargarð, en svo kallast skólagarðurinn á Hvanneyri frá árinu 1912. Hinn 11. júlí 2015 staðfesti forsætisráðherra tillögu Minjastofnunar um heildarfriðlýsingu Hvanneyrar í Borgarfirði, þ.e. Hvanneyrartorfunnar svokölluðu. Frumkvæðið að friðlýsingunni kom frá heimamönnum og tók friðlýsingarferlið rúmt ár. Friðlýsingin markar tímamót í sögu hús- og minjaverndar á Íslandi þar sem slík heild hefur aldrei áður verið friðlýst. Friðlýsingin nær bæði til fornleifa og húsa á svæðinu, en elsta hús torfunnar var reist árið 1896. Bændaskóli var stofnaður á Hvann-eyri árið 1889 og eru bæði hús og fornleifar á svæðinu tengd skólastarfinu.

Gamla bæjartorfan á Hvanneyri myndar merkilegt búsetulandslag með mikið menningarsögulegt gildi. Sem slík býr hún yfir sérstökum umhverfisgæðum sem óvíða eru til staðar í dreifbýli hér á landi, og felast ekki síst í í samspili búsetuminja og merkra bygginga við ákveðnar landslagsheildir. Þessi gæði eru bundin stað húsanna á torfunni, innbyrðis afstöðu þeirra og þeim rýmum sem þau mynda á milli sín, að ógleymdri byggingarlist húsanna. Skipulag bygginga innan bæjartorfunnar, ásýnd þeirra í landslaginu, samræmi þeirra og heildarsvipur ásamt sterkri rýmismyndun skapar þeim sérstöðu í byggingarlist 20. aldar. Gömlu bændaskólahúsin teiknuðu fyrstu menntuðu húsameistarar þjóðarinnar. Hvanneyrarkirkju (reist 1905) og skólahús bændaskólans (reist 1910) teiknaði Rögnvaldur Ólafsson. Leikfimihúsið (reist 1911) er verk Einars Erlendssonar, eitt af þremur elstu íþróttahúsum landsins sem enn eru í notkun. Skólastjórahúsið (reist 1920) og Halldórsfjós (reist 1928) teiknaði Guðjón Samúelsson. Skemman var byggð 1896 og er elsta byggingin á staðnum.

## HEIMILDIR

1. Jónas Hallgrímsson. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar. I–IV. Útg. Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Rv. 1989.
2. Einar E. Sæmundsen. „Alþingishúsgarðurinn. Saga undirbúnings og framkvæmda við fyrsta nútíma lystigarðinn á Íslandi." Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess 5. Ritstj. Hulda S. Sigtryggsdóttir o.fl. Félagið Ingólfur, Rv. 1996, 89–109.
3. Sigtryggur Guðlaugsson. Skrúður á Núpi. Græðsla og gróður í fjörutíu ár (1909–1949). Ritstj. Aðalsteinn Eiríksson og Brynjólfur Jónsson. Framkvæmdasjóður Skrúðs, Rv. 2004.
4. Ásta Camilla Gylfadóttir og Björgvin Steindórsson. Konur gerðu garðinn. Saga Lystigarðs Akureyrar 1912–2012. Björgvin er höf. 5. kafla um Grasagarð Lystigarðsins. Völuspá, Akureyri 2012.
5. Hellisgerði. Blóma- og skemmtigarður 1923–2023. Ritstj. Ólöf K. Sigurðardóttir og Magnea Guðmundsdóttir. Hafnarborg, Hafnarfirði 2013.
6. Einar E.Sæmundsen Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. Hið ísl. bókmenntafélag, Rv. 2018, 201.
7. Einar E.Sæmundsen Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. Hið ísl. bókmenntafélag, Rv. 2018, 260-277.
8. Reynir Vilhjálmsson. Sjónþing 25. september 2004. Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Rv. 2013.
9. Reynir Vilhjálmsson. Sjónþing 25. september 2004. Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Rv. 2013.
10. Múlakot, Rangárþing eystra. Friðlýst af forsætisráðherra 28. maí 2014 með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.
11. Hvanneyrartorfan Borgarbyggð. Hinn 11. júlí 2015 staðfesti forsætisráðherra tillögu Minjastofnunar um heildarfriðlýsingu með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

# 8. kafli

## YFIRLIT UM GAMLA GARÐA Á ÍSLANDI 2019

Í þessum kafla er gerð tilraun til þess að taka saman yfirlit um aðra gamla garða en þá sem gerð er tillaga um að friðlýsa. Reynt er að byggja samantekt þessa á traustum heimildum, auk nokkurri staðþekkingu, án þess að farið hafi verið í nánari rannsóknarvinnu.

### HEIMILDIR UM GAMLA GARÐA

Í eldri garðyrkjuritum, svo sem ***Björkum***[1] Einars Helgasonar frá 1914 og ***Garðagróðri***[2] eftir Ingólf Davíðsson og Ingimar Óskarsson, sem kom fyrst út 1950, er getið helstu garða sem vakið höfðu athygli höfunda. Flestir voru heimilisgarðar, en einnig eru nefndir nokkrir almenningsgarðar. Nýlegar samantektir á aldri garða á Íslandi byggja aðallega á þessum heimildum.

Upp úr aldamótunum 2000 hófst kennsla í umhverfisskipulagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Í kennslu í garðsögu var fljótlega (2002) búið til fyrsta kennsluhefti í ***Garðsögu Íslands***[3] fyrir sögu og þróun garða. Það byggði meðal annars á meistaraprófsritgerð Samsonar B. Harðarsonar landslagsarkitekts frá Landbúnaðarháskóla Noregs árið 2000. Í fyrstu var um fjölfaldaðar greinar og ritgerðir að ræða og þar er garðanna getið í aldursröð. Bragi Bergsson, sagnfræðingur og fyrrverandi nemandi LBHÍ, skrifaði síðar (2012) meistaraprófsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands um ***Almenningsgarða á Íslandi***[4], og er hún mikilvæg heimild um aldur og einnig ítarleg umfjöllun um tilurð gamalla garða.

Til þess að fá yfirlit um hversu margir almenningsgarðar á Íslandi hafa náð meira en 50 og 100 ára aldri hafa þrjú nýleg rit verið verið könnuð. Þetta eru áðurnefnd ritgerð Braga Bergssonar ***Almenningsgarðar á Íslandi***, samantekt Garðsöguhóps FÍLA, ***Gamlir garðar – lifandi minjar***[5] , sem send var Minjastofnun 2015, og loks bókin ***Að búa til ofurlítinn skemmtigarð***[6] eftir Einar E. Sæmundsen frá 2018.

- Bragi Bergsson lýsir í ritgerð sinni 35 görðum eldri eru en 50 ára og telur að almenningsgarðar á Íslandi séu um 60 talsins.
- Í samantekt Garðsöguhóps FÍLA frá því í desember 2014 var lögð áhersla á 11 elstu garðana þá sem friðaðir eru samkvæmt 100 ára reglu minjalaga.
- Í bók Einars E. Sæmundsen er lýst stuttlega 22 almenningsgörðum sem falla að þessari aldursskilgreiningu.
- Tillaga Minjastofnunar frá 2018 að friðlýsingu 10 garða sem unnið verður að á næstunni.

Hér verða taldir garðar og almenningsgarðar eldri en 50 ára miðað við 2019. Tímabilið sem horft er til vegna verndargildis garða sem eru í tillögu Minjastofnunar nær hinsvegar fram undir 1990. Þessar upplýsingar eru ekki endanlegar um stöðu eða fjölda almenningsgarða árið 2019, heldur ber að líta á þær til viðmiðunar við frekari skoðunar.
Fram kemur í bókinni ***Að búa til ofurlítinn skemmtigarð***[7] að margir þekktustu almenningsgarðar landsins hafi verið gerðir á fyrri hluta 20. aldar, sem sé í raun blómatíð almenningsgarðanna. „Þeim var flestum komið á fót fyrir áhuga og tilstuðlan einstaklinga en fyrst og fremst félagasamtaka.t.d. kvenfélaga. Framkvæmd og rekstur garðanna byggðist í upphafi á fjársöfnunum og vinnuframlagi viðkomandi einstaklinga og félagsmanna. Margar heimildir greina frá því að reknar voru litlar ræktunarstöðvar fyrir garðagróður og ágóði af sölu síðan notaður til uppbyggingar í görðunum. Skallagrímsgarður í Borgarnesi og Lystigarður Akureyrar eru ágæt dæmi um þetta.




Yfirlit sem sýnir fjóra flokka garðminja eftir gerð og aldri úr bókinni **„Að búa til ofurlítinn skemmtigarð“**

Þegar leið á öldina tóku bæjarfélög við rekstri garðanna. Því miður hafa nokkrir þeirra lagst í órækt eða verið lítið sinnt.

„Það voru hugsjónir aldamótakynslóðarinnar svokölluðu“, segir í bókinni „sem endurspegluðust í þessu starfi ungmennafélaganna, kvenfélaganna og annarra félaga-samtaka sem vildu byggja upp nýtt og betra Ísland, rífa sig úr fjötrum örbirgðar og auka hlut ræktunarmenningar og lista.

Kvenfélagsgarðar í bæjunum og skógræktarreitir ungmennafélaganna bera þessu víða vitni. Því miður hafa margir reitir fallið í órækt. Þekktastur þeirra er Lystigarður Akureyrar, en einnig má nefna Skallagrímsgarð í Borgarnesi og Kvenfélagsgarðinn á Neskaupstað. Í raun má segja að í Skrúði í Dýrafirði, garði prestsins og kennarans Sigtryggs Guðlaugssonar .., kristallist hugsjónir þessarar kynslóðar.“

Reykjavík sker sig nokkuð úr því þar hafa bæjarfélagið eða ríkið gert flesta almenningsgarðana.[8] Fleiri atriði væri vert að skoða og gera um ákveðnar tillögur, svo sem skilgreiningu á hlutverki eða notkun einstakra garða. Í þessari heimildavinnu hefur aðallega verið horft til stóru almenningsgarðanna sem flestir voru átaksverkefni einstak-linga, oft á félagslegum grunni.

## SKILGREINING GARÐA

Einn af helstu frumkvöðlum við vernd gamalla garða í Noregi, Mette Eggen, skilgreinir garða á þessa leið: „Garðar og almenningsgarðar hafa sérstöðu meðal menningarminja vegna þess að þeir eru annars vegar manngerður staður og hins vegar ræktuð náttúra. Sem lífríki skilja garðar sig skýrt frá öðrum menningarminjum vegna þess að þeir eru í stöðugri þróun og vexti sem náttúru öflin stjórna.“[10]

Upprunalegt hlutverk garðsins hefur oft breyst með tímanum. Einkagarður verður almenningsgarður. Kirkjugarður fyllist og hefur þá sögulegt gildi auk gildis síns sem almenningsgarður. Eignarhald og rekstrarform garða breytist breytist og um leið og skipulagi er breytt getur hlutverk garðsins hnikast til. Segja að gamlir almenningsgarðar eigi augljósara erindi til framtíðar, því þeir eru nokkuð vel kannaðir. Í þessu skjali er lögð áherslu á almenningsgarða.

Í meðfylgjandi yfirliti er skrá yfir elstu garða landsins þeim er raðað í aldursröð, gerð/hlutverk garða, hvar þeir eru á landinu. Ennfremur er getið heimilda sem finna má upplýsingar . Að lokum er metið verndar ástand garðanna.

### SKRÁ YFIR AÐRA GAMLA GARÐA Á ÍSLANDI - FRÁ 19.OG 20.ÖLD - 2019

| GARÐUR | UPPHAFSÁR | EIGNARHALD | GERÐ | SVEITARFÉLAG | HEIMILD ALMENNINGSGARÐAR RVK. B.B. 2012 | HEIMILD SKÝRSLA GARÐSÖGUHÓPS DES 2014 | HEIMILD AÐ BÚA TIL OFURLÍTINN SKEMMTIGAR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hressógarður - Austurstræti 20 | 1861 | O | Heimilisg/Almenn.g. | 101 Reykjavík | | X | X |
| Víkurgarður/Fógetagarður | 1881 | O | Kirkjugarður /Almenn.g. | 101 Reykjavík | X | X | X |
| Austurvöllur | 1885 | O | Almenningsgarður | 101 Reykjavík | X | X | X |
| Trjáræktarstöð/Minjasafnsgarður | 1899 | O | Tilraunag./Almenn.g. | 600 Akureyri | X | X | X |
| Arnarhóll | 1906 | O | Almenningsgarður | 101 Reykjavík | X | | X |
| Einarsgarður | 1909 | O | Almenning./Ræktunars. | 101 Reykjavík | X | | X |
| Tjarnargarður/Hljómskálagarður | 1914 | O | Almenningsgarður | 101 Reykjavík | X | X | X |
| Jónsgarður á Ísafirði | 1923 | O | Almenningsgarður | 400 Ísafjörður | X | | X |
| Simsonargarður | 1926 | O | Almenningsgarður | 400 Ísafjörður | X | | X |
| Kvenfélagsgarðurinn Neskaupsst. | 1930 | O | Almenningsgarður | 740 Neskaupstaður | X | | X |
| Tryggvagarður | 1942 | O | Almenningsgarður | 800 Selfoss | | | X |
| Höggmyndagarður Einars Jónssonar | 1945 | O | Höggmyndagarður | 101 Reykjavík | X | | |
| Andapollurinn á Akureyri | **1949** | O | Almenningsgarður | 600 Akureyri | X | | |
| Bringan í Reykjavík | 1949 | O | Almenningsgarður | 101 Reykjavík | X | | |
| Eiðsvöllur | 1950 | O | Almenningsgarður | 600 Akureyri | X | | |
| Hlíðargarður | 1955 | O | Almenningsgarður | 200 Kópavogur | X | | X |
| Austurvöllur Ísafirði | 1956 | O | Almenningsgarður | 400 Ísafjörður | X | | X |
| Grasagarðurinn í Reykjavík | 1961 | O | Grasagarður | 104 Reykjavík | X | | X |
| Klambratún/Miklatún | **1965** | O | Almenningsgarður | 105 Reykjavík | X | | X |
| Höggmyndagarður Ásmundarsafn | 1966 | O | Höggmyndagarður | 101 Reykjavík | X | | |
| Hamrakotstún Akureyri | 1970 | O | Almenningsgarður | 600 Akureyri | X | | |
| **YNGRI ENN 50 ÁRA** | | | | | | | |
| Grundargarður Reykjavík | 1973 | O | Almenningsgarður | 108 Reykjavík | X | | |
| Skrúðgarðurinn á Húsavík | 1975 | O | Almenningsgarður | 640 Húsavík | X | | |
| Lómatjarnargarður | 1990 | O | Almenningsgarður | 700 Egilsstöðum | X | | |
| Seltjörn Seljahverfi | 1992 | O | Almenningsgarður | 109 Reykjavík | X | | |

### SKÝRINGAR VIÐ TÖFLU:

**Rautt** = Tilnefningar til friðlýsingar 2018
**Grænt** = Þegar friðlýst
**TF** = Tilnefnd til friðlýsingar
**F** = Friðlýst
**V** = Þarf vernd og eftirlit vegna aldurs
**S** = Skráð

**ræktst.** = Ræktunarstöð
**einkag.** = Einkagarður
**kirkjug.**= Kirkjugarður
**skólag.** = Skólagarður
**stofnanag.** = Stofnanagarður

Skrá yfir 25 gamla garða á landinu sem lagt er til að friðlýsa í kjölfar þessarar vinnu.




Yfirlit um ***aðra gamla garða*** á Íslandi, en þá sem lagt er til að friðlýsa í kjölfar þessarar vinnu.

Í skránni eru 25 aðrir garðar en þeir sem lagt er til að verði friðlýstir, brýnt er að vakta þá. Þar af eru 20 garðar sem eru 50 ára eða eldri og fimm yngri en 50 ára allir ófriðaðir Með þessum lista er gerð tilraun til þess að flokka garða á Íslandi svo hægara sé að vinna að friðlýsingu þeirra í framtíðinni. Í þeim heimildum sem skoðaðar voru eru taldir nærri 60 athyglisverðir garðar. Flestir þeirra sem ekki hafa ratað á listann eru tiltölulega ungir.

Það liggur líka fyrir að garðarnir á listanum eru flestir almenningsgarðar.
Myndin sýnir fjölda gamalla garða sem eru í Reykjavík og þá sérstaklega í miðborginni. Það er ef til vill ástæða til þess að hafa áhyggjur af örlögum þeirra á tímum mikillar uppbyggingar á svæðinu. Þess vegna er mikilvægt að koma á góðu samstarfi




Yfirlit um aðra gamla garða en þá sem lagt er til að friðlýsa í kjölfar þessarar vinnu á Höfuðborgarsvæðinu.




Yfirlit um aðra gamla garða á Akureyri.

við Borgaryfirvöld og hvetja þau til þess að gera verndaráætlun fyrir gamla garða á svæðinu vestan Elliðaáa.

## EINKAGARÐAR

Ekki hefur verið ráðist í að gera yfirlit um heimilisgarð - einkagarða. Benda má á ýmsar heimildir til þess að nálgast upplýsingar um þá. Bækur Einars Helgasonar og Garðagróður Ingólfs Davíðssona og Ingimars Óskarssonar eru sennilega bestu heimildir um árangur í garðrækt frá fyrrihluta aldar.

Í ritinu ***Reykjavík 1900*** eftir Benedikt Gröndal eru stuttar lýsingar af áhugasömum ræktendumgarða. Byggða og bæjalýsingar eftir Klemens Tryggvason bæði fyrir ***Reykjavík*** og ***Akureyri*** eru góðar heimildir.

Mikið af gömlum og glæsilegum óskráðum einkagörðum hafa lítið verið kannaðir. Margir þeirra líkjast nú meira trjágörðum en rými til að njóta útiveru, því tré hafa stækkað og dafnað, mynda skugga og taka mikið pláss og athygli.

Flestir elstu og þekktustu garðar í Reykjavík frá lokum 19.aldar og byrjun þeirrar 20. eru horfnir undir byggingar, bifreiðastæði, götur eða torg. Apótekaragarðurinn á horni Kirkjustrætis og Thorvaldsensstrætis og Zimsengarðurinn á Lækjartorgi eru horfnir. Íbúðarhúsið að Laufásvegi 5 var reist 1880 og þar bjó Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur. Húsið er friðað og í garðinum stendur eitt elsta tré í Reykjavík álmur sem er gróðursettur um 1890.[9] Í Þingholtunum í Reykjavík eru margir einkagarðar frá millistríðsárunum og við Tjarnargötu og Suðurgötu, aðeins eldri garðar eða allt aftur til aldamóta. Á Akureyri er vagga garðræktar með marga gamla einkagarðar við Aðalstræti og í Brekkugötu. Í Hafnarfirði var það einkum hverfið upp af miðbænum frá Hellisgerði að Læknum sem hafði mikla sérstöðu í hrauninu.

# HEIMILDIR


1. Einar Helgason Bjarkir 1914
2. Ingólfur Davíðsson og Ingimar Óskarsson, Garðagróður 1950.
3. Einar E.Sæmundsen og Samson B. Harðarson, kennsluhefti LBHÍ, Garðsagu Íslands 2003
4. Bragi Bergsson, Almenningsgarðar á Íslandi, 2012
5. Garðsöguhóps FÍLA, Gamlir garðar – lifandi minjar -2014
6. Einar E.Sæmundsen , Að búa til ofurlitinn skemmtigarð. 2018
7. Einar E.Sæmundsen , Að búa til ofurlitinn skemmtigarð. 2018 Bls.170
8. Einar E.Sæmundsen , Að búa til ofurlitinn skemmtigarð. 2018 Bls.XXX
9. Friðlýst hús og mannvirki – heimasíða Minjastofnunar.
10. Mette Eggen
11. http://alaska.is/

# 9. kafli

## MÁLSTOFA Í NORRÆNA HÚSINU 26. APRÍL 2018

Að frumkvæði Garðsöguhópsins héldu Félag íslenskra landslagsarkitekta og Minjastofnun málstofu.

Tilgangur hennar var að kynna og fjalla um aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða.

Auk íslenskra fyrirlesara voru þær Mette Eggen sem hefur um árabil unnið að verndun gamalla garða og mótað það starf hjá Riksantikvaren í Noregi sem er hliðstæð stofnun Minjastofnunar Íslands og Sara Waagen frá umhverfisdeild Björgvinjar og fjallaði hún um endurgerð gamla bæjargarðsins í Bergen, Nygårdsparken, sem var upphaflega gerður árið 1885.“



Málstofuna sóttu um 80 manns – Fundarstjóri var Agnes Stefánsdóttir frá Minjastofnun

### DAGSKRÁ MÁLSTOFU: GARÐAR - LIFANDI MINJAR

**13.15–13.20 Setning málstofu**
Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt og formaður FÍLA.
**13.20–13.45 Garðar – lifandi minjar, skýrsla faghóps Fíla um sögu garðlistar, á aðferðum, verndarmati og skráningu gamalla garða (fyrstu drög)**
Auður Sveinsdóttir og Ásta Camilla Gylfadóttir landslagsarkitektar FÍLA
**13.45–14.25 Conservation of historic gardens – Why, what and how?**
Fyrirlestur og umræður
Metten Eggen landslagsarkitekt og sérfræðingur um varðveislu gamalla garða.
**14.30–14.40 Garðar Reykjavíkurborgar**
Þórólfur Jónsson Landslagsarkitekt FÍLA, Deildarstjóri náttúru og garða.
**15.00–15.10 Múlakot í Fljótshlíð**
Sigríður Hjartar lyfjafræðingur og bs í sagnfræði.
**15.10–15.20 Skrúður í Dýrafirði**
Brynjólfur Jónsson skógfræðingur.
**15.20–16.00 Case Nygårdsparken – Input from Bergen municipality, dep. of urban enviroment.**
Fyrirlestur og umræður.
Sara Waagen landslagsarkitekt við Bymiljøetaten í Bergen.
**16.05–16.15 Garðar á Akureyri**
